

Jólabladd Eystrahorns

45. tbl. 38. árgangur
Fimmtudagurinn 17. desember 2020

*Er jólanna söngvar byrja að hljóma
Börnin þá kætast og bjöllurnar óma
Hamingju okkur í hjartað færir
Hugann gleður og sálina nærir*


*Ástvinir samverustunda njóta
Reglur um covid samt ekki brjóta
Frá veikindum viljum við fá nú frið
Hlýðum því Víði að góðum sið*

*Á jölunum þakklæti og fögnuð finn
Friður og kærleikur ríkir um sinn
Bið þess að stjarnan sem skærast skín
Sendi birtu og yl til þín*

Hulda Björk

Næsta blað kemur út 7. janúar 2021

Mynd: Þorvarður Árnason



BJARNANESKIRKJA

Kirkjan verður opin og hituð fyrir almenning á jóladag og annan í jólum ef fólk vill eiga

stund í kirkjunni.

Virðum sóttvarnareglur

Sóknarnefnd

Óskum Hornfirðingum öllum
gleðilegra jóla.
Starfsfólk Lyfju Höfn

Opnunartími um jólin:

Þorláksmessa 23. des. kl. 10:00-21:00

Aðfangadag 24. des. kl. 10:00-12:00

Gamlársdag 31. des. kl. 10:00-12:00



Skrifstofa Medial ehf.
lögmannsstofu og fasteignasölu
verður **lokuð** frá
21. desember 2020
til 4. janúar 2020



Til sölu
Tveir hamstrar, karlkyns,
með búri og mat.

Bryndís S:860-4331



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófararklestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Opnunartími Sundlaugar Hafnar um jól og áramót

Starfsfólk Sundlaugar Hafnar óskar Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar, og minnir á breyttan opnunartíma yfir jól og áramót.

23. desember Þorláksmessa	06:45 – 21:00.
24. desember aðfangadagur	06:45 - 11:00.
25. desember jóladagur,	Lokað.
26. desember annar í jólum,	Lokað.
27. desember	10:00 – 17:00.
28. desember	06:45 – 21:00.
29. desember	06:45 – 21:00.
30. desember	06:45 – 21:00.
31. desember, gamlársgdagur	06:45 – 11:00.
01. janúar, nýársdagur	Lokað.
02. janúar	10:00 – 17:00.

Hátíðarkveðjur
starfsfólk sundlaugar.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR



HEILSUFÉLAGIÐ SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
valiðan fyrir alla

Grenndarkynning vegna breytinga á Hafnarbraut 20

skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað hefur verið eftir heimild til að breyta íbúðarhúsnæði við Hafnarbraut 20 á Höfn. Breytingin felur í sér að húsnæðinu er skipt upp í tvær íbúðir í stað einnar og svölum bætt við á 2. hæð.

Þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af svæðinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir og skal athugasemdum komið til skila á netfangið skipulag@hornafjordur.is eigi síðar en **5. janúar 2021**.

Nánari upplýsingar og teikningar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir stjórnsýsla og skipulag í kynningu.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

HESTAMANNAFÉLAGIÐ HORNFIRÐINGUR auglýsir eftir styrkjum til æskulýðsmála

Hestamannafélagið Hornfirðingurniðurgreiðir 8 stúur til æskulýðsmála í félagshesthúsi um 50% eða 60 þús á stúu á ári.

Fyrirtækjum og einstaklingum stendur til boða að styrkja stúur á móti Hestamannafélaginu til æskulýðsmála og geta í staðinn komið með auglýsingaskilti sem yrði staðsett á stúum í félagshesthúsi.

Þeir sem hafa áhuga geta haft samband
í s.899-7006 eða á
maggggi74@gmail.com



Gott ár hjá Hirðingjunum



Beta og Ólóf afhenda Siggu Lár starfsmanni í Mjallhvít Dvalardeild Lazy-boy stóla og fleiri glaðninga

Salan hefur gengið vel hjá Hirðingjunum í ár og við höfum gefið margar góðar gjafir. Á fyrri hluta árs gáfum við húsgögn í setustofu hjúkrunardeildarinnar. Við fengum góðan styrk frá velunnara okkar og gátum keypt nýtt sjónvarp og hljóðkerfi á hjúkrunardeildina. Í sumar gáfum við 4 lazyboy stóla í sólstofu deildarinnar og 2 lazyboy stóla á dvalardeildina. Nú í desember er verið að gefa húsgögn í dagvist Ekrunnar.

Við viljum þakka eigendum Skinneyjar-Þinganess fyrir að leyfa okkur að vera í húsnæði á þeirra vegum. Eins viljum við þakka Benna hennar Ólafar fyrir lán á pallbílnum til að flytja dót en það hefur verið ómetanleg hjálp.

Eins viljum við þakka ykkur kæru sveitungar fyrir tryggðina við okkur og við vonumst eftir að hitta ykkur á nýju ári.

Fyrir hönd Hirðingjanna
Elísabet Einarsdóttir



*Starfsfólk Þrastarhóls ehf. sendir
viðskiptavinum og öðrum lesendum
Eystrahorns beztu óskir um gleðileg jól.
Óskum ykkur alls góðs á komandi ári og
þökkum góð samskipti á liðnum árum.
Guðbjartur, Birna og Agnes*

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár

Íslenska gámafélagið óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Við þökkum samstarfið á liðnu ári og hvetjum Íslendinga áfram til stórra afreka í endurvinnslumálum.



Hestamannafélagið Hornfirðingur

Hestamannafélagið Hornfirðingur var þess heiðurs njótandi á dögnum að hljóta hinn eftirsóttu Æskulýðsbikar Landssambands Hestamannafélaga fyrir störf í þágu Æskulýðsmála.

Mikið líf hefur færst í hestamennsku á ný í Hornfirði eftir nokkurra ára lægð. Eins og hjá mörgum öðrum hestamannafélögum hefur nýliðun verið lítil hjá Hornfirðingi, þó að aðsókn hafi verið góð á reiðnámskeiðum fyrir börn og unglinga, þá hefur sárlega vantað félagshesthús fyrir þá sem eru að byrja í hestamennsku. Félagar í hestamannafélaginu Hornfirðingi lyftu „grettistaki“ í að styrkja nýliðun og um leið æskulýðsstarf hjá félaginu með því að vinna í sjálfböðavinnu við að innrétta glæsilegt félagshesthús við hlið reiðhallarinnar. Framkvæmdir hófust í nóvember 2018 og hesthúsið var tekið í notkun á fjórðungsmótinu sumarið 2019. Í hesthúsinu eru 20 rúmgóðar, eins hesta stúur, upphitun kaffistofa, snyrtung, aðstaða fyrir reiðtygi, fóður ofl. Hestamannafélagið niðurgreiðir leigu fyrir börn og unglinga um 50%. Fyrstu hestarnir komu á hús þann 14. október 2019 og skipulagt æskulýðsstarf hófst í kjölfarið. Auglýst var opið hús / vöflukaffi í félagshesthúsinu þann 20. október, öllum var boðið að kíkja í heimsókn til að skoða aðstöðuna og hestana.

Jólahittingur var haldinn í félagshesthúsinu og reiðhöllinni þann 15. desember 2019. Öllum félagsmönnum, forráðamönnum barna og unglinga á námskeiðinu var boðið að koma og horfa á sýningu hjá Snæsu og krökkunum í reiðhöllinni þar sem búið var að skreyta hestana með jólasakrauti og jólaljósaseríum. Einnig var boðið upp á heitt kakó



Formaður og fulltrúar æskulýðsnefndar

og piparkökur í boði Nettó.

Snæsa kom aftur í heimsókn þann 10. janúar 2020 í félagshesthúsið til að aðstoða krakkana með þjálfun á hestunum í reiðhöllinni og hvetja þau til að taka þátt í reiðnámskeiði sem hestamannafélagið bauð upp á helgina 18.-19. janúar með Rósu Birnu Þorvaldsdóttur reiðkennara. Rósa Birna var bæði með meira vana krakka í einkatíma og með 5 krakka, minna vana, í hóptíma á laugardegi og sunnudegi. Síðan var stefnt að því að hún kæmi eina helgi í febrúar og eina helgi í mars með framhaldsreiðnámskeið fyrir bæði börn, unglinga og fullorðna. Vegna óveðurs féll námskeiðið niður sem átti að vera með Rósu Birnu í febrúar og í mars var reiðhöllinni lokað tímabundið í kjölfar Covid-19 faraldurs og samkomubannsins. Snæsa bauð upp á helgarnámskeið í Lækjarhúsum fyrir börn og

unglinga á grunnskólaaldri. Allir krakkar á námskeiðinu fengu hesta og reiðtygi á staðnum. Fyrsta námskeiðið var haldið 29. febrúar og foreldrar skiptust á að keyra með börnin í Lækjarhús. Þátttakendur á laugardeginum voru samtals 16, og aðeins þrjú þeirra höfðu verið á reiðnámskeiði áður. Á sunnudeginum komu síðan meira vanir krakkar og þau æfðu sig í útigerðinu, þrátt fyrir gular viðvaranir vegna veðurs. Það var ekki slegið slöku við, enda áhugasamir krakkar þar á ferð. Þáskagleði Hornfirðings var haldin í reiðhöllinni þann 11. apríl 2020, þar tóku þátt nokkrir ungir krakkar, keppt var í hindrunarstökki og tímabrot. Því miður varð að aflýsa „Opnu húsi í félagshesthúsinu“ og útreiðartúr á degi íslenska hestsins í reiðhöllinni þann 1. maí vegna Covid - 19 faraldurs og samkomubanns í

íþróttamannvirkjum um allt land. Firmakeppni Hornfirðings var haldin utandyra þann 10. maí á félagssvæði Hornfirðings í ágætu veðri og þar voru ungir fulltrúar Hornfirðings sem hafa tekið þátt í æskulýðsstarfi félagsins í vetur. Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga var haldið á félagssvæði Hornfirðings dagana 8.-12. júní 2020. Snæsa í Lækjarhúsum var leiðbeinandi á námskeiðinu og var með eldri krakka sér til aðstoðar. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og í allt tóku alls þátt um 20 börn.

15. júní komu 50 krakkar á vegum Sindra (Leikjanámskeið) og fengu að fara á hestbak í Reiðhöllinni, Snæsa hefur sjaldan svitnað jafn mikið, en þessi dagur var í boði Hestamannafélagsins og Snæsu.

Félagsmót Hornfirðings var haldið helgina 13.-14. júní 2020 á félagssvæði Hornfirðings að Fornustekkum. Þar voru keppendur úr æskulýðsstarfinu sem kepptu í barna-, unglinga og ungmennaflokki. Einnig mættu 8 krakkar í pollaflokk.

Talsverð truflun varð á vetrarstarfi æskulýðsnefndar Hornfirðings á síðasta starfsári vegna Covid-19 faraldursins og samkomubannsins. Ýmsir viðburðir sem voru á dagskrá á starfsárinu voru felldir niður eða frestað, eins og reiðnámskeið með Rósu Birnu Þorvaldsdóttur í mars, Dagur íslenska hestsins 1. maí, sumarnámskeið í Hestheimum í júní ofl. Þrátt fyrir þetta gekk starfið ótrúlega vel



Krakkarnir taka við viðurkenningum



Snæsa með reiðnámskeið í Lækjarhúsum

og munar þar mest um frábært starf Snæbjargar Guðmundsdóttur (Snæsu) en hún sá til þess að börn og unglingar höfðu nóg fyrir stafni og síðan hefur félagshesthúsið og reiðhöllin virkilega sannað gildi sitt fyrir æskulýðsstarf hjá félaginu.

Hér hefur verið stiklað á stóru á því helsta sem gert var á starfsárinu og vonandi förum við að losna við veiruna svo hægt verði að halda þessu frábæra starfi áfram af sama krafti á næsta ári.

Ég vil fyrir hönd Hestamannafélagsins Hornfirðings færa kærar þakkir til allra þeirra sem hafa tekið þátt í þessu ævintýri, félögum, fyrirtækjum, sveitarfélaginu og öllum sem hafa á einhvern hátt komið að þessari uppbyggingu hjá Hestamannafélaginu undanfarin ár.

Hestamannafélagið Hornfirðingur óskar gleðilegra jóla og farsæls komandi ár.

Magnús Skúlason
formaður Hestamannafélagsins Hornfirðings.



Sjö vistvæn jólaráð

- Gefum upplifun í jólapakkann
- Gefum gjafabréf til hjálparsamtaka
- Verslum í heimabyggð
- Nýtum jólaskrautið sem við eigum nú þegar
- Pökkum inn í vistvænni umbúðir
- Eldum grænmetisrétt um jólin
- Drögum úr matarsóun, nýtum matarafganga

Gleðileg jól



Sendum íbúum á
Suðausturlandi bestu
jóla og nýárskveðjur.



NÁTTURUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

*AFL Starfsgreinafélag,
stjórn og starfsfólk,
óskar þér og fjölskyldu þinni
gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs.*



Við fjölskyldan sendum vinum og
kunningjum óskir um gleðileg jól með
þakki fyrir liðin ár.
Hrafnhildur, Björn Ingi og Íris Mist



Sendum vinum og ættingjum
innilegar jóla- og nýárskveðjur.
Guðni og Jóna



Óskum viðskiptavinum og Hornfirðingum
öllum gleðilegra jóla
og farsæls nýs árs.
Ögmund ehf.



Ég óska skyldfólki mínu og vinum
gleðilegra jóla og gæfuríks nýárs með
hjartans þökk fyrir liðnu árin
Friðrik Friðriksson
Hraunkoti

Kæru ættingjar og vinir óskum ykkur gleðilegrar
jóláhátíðar og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir það liðna.
Hafðís og Bjössi.



ÉG ÓSKA VIÐSKIPTAVINUM
MÍNUM OG HORNFIÐINGUM
ÖLLUM NÆR OG FJÆR
GLEÐILEGRA JÓLA OG
FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI
MEÐ HJARTANS ÞÖKK FYRIR
ÁNÆGJULEG VIÐSKIPTI Á ÁRINU
SEM ER AÐ LÍÐA.



Kæru Austur Skaffellingar
Bestu óskir um gleðileg jól og
þakki fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða.

Björk og Anna Lilja



Íbúar og starfsfólk
Skjólgarðs – öldrunarþjónustu
sendir Hornfirðingum öllum
innilegar jóla- og nýárskveðjur.

Sérstakt þakklæti til ykkar allra fyrir
stuðninginn á árinu í baráttunni
gegn Covid-19. Án þessarar fallegu
samstöðu hefði okkur ekki gengið svo
vel að halda starfseminni gangandi á
öllum okkar deildum á árinu sem er
að líða.

Kærar jólakveðjur,
Við öll á Skjólgarði

*Sendum nemendum
okkar og starfsfólki
bestu óskir um
gleðileg jól.*

Tónskóli
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU



GRÖFUÞJÓNUSTA OLGEIRS
8935430//8572323

Olgeir og Gunnar óska Hornfirðingum, sem og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýs árs! Með kærum þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

**Starfsfólk Sundlaugar Hafnar
óskar íbúum Sveitarfélagsins
Hornafjarðar
gleðilegra jóla
og farældar á komandi ári**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Kæru Hornfirðingar



Á liðnum árum hefur skapast sú hefð að Karlakórinn Jökull hefur staðið fyrir glæsilegum jólatónleikum í Hafnarkirkju, þar sem hornfirskt tónlistarfélag hefur sameinað krafta sína og flutt sína tónlist og safnað peningum fyrir samfélagið. Hafa þessir tónleikar verið í huga margra upphafið að jólahaldinu.

En nú eins og svo margt annað á þessu ágæta ári, eru breytingar á, enda fordæmalausir tímar.

Fyrir árið 2020 var búið leggja drög að ýmsum viðburðum á vegum karlakórsins Jökuls, en flestum eða öllum höfum við þurft að fresta. Sama hvort það voru vortónleikar, dansleikir, jólatónleikar, söngur á Skjólgarði og í Miðbæ. Einnig var fyrirhugað að halda Kötlumót í maí s.l. með allt að 600 gestum. En það koma tímar og ráð og við mætum bara glöð og kát til starfa á nýju ári.

Nýlega erum við búnir að setja gömludansadiskinn okkar inn á tónlistarvefinn Spotify, og er hann aðgengilegur öllum þar. Þannig að þótt við getum ekki stigið dans í Sindrabæ eins og okkur þykir svo skemmtilegt, þá er um að gera að hlusta á diskinn og taka nokkur létt dansspor heima í stofu.

Við félagarnir í karlakórnum Jökli, sendum innilegar jólakveðjur og hvetjum ykkur að halda áfram stuðningi við samfélagið okkar, líkt við höfum gert þegar við mætum í Hafnarkirkju, og leggja Samfélagssjóði Hornafjarðar lið. Hægt er að styrkja sjóðinn með því að leggja inn á 0172-05-060172 ; knt; 611112-0170

*Með jólakveðju
Gauti Árnason
Formaður Karlakórsins Jökuls*

*Kæru Hornfirðingar nær og fjær.
Sendum ykkur hugheilar óskir um
gleðileg jól gott og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin og samveru á árinu
sem er að líða*

*Sveinbjörg Jónsdóttir nuddmeistari
Ómar Frans Fransson Sólsker ehf.*

Forn býli í landslagi

Hver þekkir bæjarheitin Butra eða Hellar? Líklega kannast fáir þeirra sem yngri eru við þau en margir af eldri kynslóðum Austur-Skaftfellinga hafa heyrt þeirra getið. Í Sveitarfélaginu Hornafirði eru mikil og merk ummerki um horfna byggð frá liðnum öldum. Ummerkin eru ýmsar tegundir jarðlægra minja, m.a. tóftir bæjarhúsa og annarra mannvirkja tengdum þeim. Þau eru vitnisburður um búsetu og mannlíf á umræddu svæði. Talið er að fjöldi slíkra bæjarminja í sveitarfélaginu sé allt að 100 talsins. Mörg eru langt utan alfararleiðar og því er vitneskjan um tilurð og umfang þeirra ekki mörgum ljós.

Fyrr á árinu hófu Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur samstarf um skráningu hinna fornu býla, með að markmiði að vernda landfræðilega og sögulega þekkingu á búsetuminjum, og gera byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu sýnilega. Á síðustu öldum hjuggu margir við aðstæður sem myndu þykja mjög óvenjulegar í samanburði við núverandi búsetuhætti. Fjölskyldur flæmdust á milli staða vegna ágangs jökla, jökulvatna, jökulhlaupa og annarra náttúruhamfara. Erfiðar aðstæður urðu til þess að fjölmörg býli og hjáleigur fóru í eyði.

Svarið við spurningunni hér í byrjun er að Butra og Hellar voru hjáleigur í landi Kálfafellsstaðar í Suðursveit. Búsetusaga þeirra er ekki að fullu kunn vegna óljósra heimilda en spannar fyrir víst tæp 200 ár. Hjáleigurnar voru farnar úr ábúð um miðja 19. öld eða fyrir allt að 170 árum síðan. Butra stóð sunnan undir Butruklettum, suðaustur frá Kálfafellsstað. Ekki er vitað um ábúendur í Butru fyrr en 1735 en í Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1708-1709 er Butra þá sögð í eyði síðustu 19 árin. Það staðfestir að búseta þar var hafin a.m.k. á 17. öld. Samfelld byggð var í Butru frá 1735 og fram til 1850. Meðal ábúenda á 19. öld voru hjónin Ingimundur Þorsteinsson og Helga Bjarnadóttir. Síðustu ábúendur voru feðgarnir Þorvarður Stefánsson og Steinn Þorvarðsson sem komu frá Hellum árið 1845. Þorvarður dó að Butru en Steinn flutti þaðan að Borgarhöfn árið 1849. Þar með lauk búsetusögu Butru og var hjáleigan lögð í eyði ári seinna.

Um 500 metrum suðaustan við Butrukletta eru Hellaklettur og sunnan undir þeim var hjáleigan Hellar. Hennar er getið í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem ein af fimm hjáleigum Kálfafellsstaðar. Þær voru auk Butru og Hella, Svíri, Leiti og Brunnar. Um tíma var tvíbýli í Hellum en engar lýsingar eru um hvar það býli stóð í Hellalandinu. Elstu heimildir um búsetu í Hellum eru frá 1703 en ekki er hægt að útiloka að hún hafi hafist mun fyrr en það. Samfelld var hún frá árinu 1785 til ársins 1864. Síðasti ábúandinn var Steinn Þorvarðsson, sem kom aftur úr Borgarhöfn að Hellum og bjó þar síðustu tíu árin sem Hellar voru í byggð. Eftir það var Hellulandið og mannvirkin nýtt frá Kálfafellsstað.

Á þeim tíma sem búíð var í þessum hjáleigum



Frá bæjarstæði Butru, nú er þar fjárrétt


voru búskaparhættir á Íslandi með allt öðrum brag en í dag. Húsakynninn voru torfbæir og baðstofan kynnt upp með ylnum frá kúnni sem stóð á bási sínum undir baðstofugólfinu. Hesturinn var megin aflgjafinn við erfiðisvinnu hjá bændum enda dráttavélar ekki komnar til sögunnar. Fjánhús voru lítil ef einhver voru en fjárborgir og fjárskjól algengari. Á sama tíma var veðráttan kaldari og jöklar í framrás, ekkert rafmagn og Ísland hafði ekki öðlast sjálfstæði. Læknisaðstoð var takmörkuð og barnadaudi algengur.

Heimsókn í Butru

Það er gaman að rölta fram á Butruklettana og að fornum rústum sem eru þar undir. Húsaskipan í Butru er óþekkt, tóftirnar austast undir klettunum virðast vera gamlar og erfitt að átta sig á hlutverki þeirra. Fjárrétt var byggð ofan í bæjartóftina og hún því afmynduð og ekki hægt að átta sig á húsagerð eða bæjarskipan. Það hefði

vafalaust verið lærdómsríkt að mæta Ingimundi Þorsteinsyni (1794 – 1846) og konu hans Helgu Bjarnadóttur (1799 – 1849) á hlaðinu í Butru, í þann mund er þau voru að flytja þaðan burt um 1841, eftir þriggja ára búsetu. Þar yrðum við vitni að þungum örlögum þeirra og um leið rækilega minnt á strit forfeðranna, háð við erfiðar aðstæður og stundum náttúruhamfarir. Ingimundur bóndi hafði þá þegar búíð á átta stöðum. Hann fæddist á Kálfafelli, ólst upp í Borgarhöfn, var vinnumaður á Felli, síðan bóndi í Fljótshverfi, á Hofi í Öraefum og Steinum í Suðursveit, en flúði þaðan er grjót hrapaði á bæinn. Byggði upp bæ á Sléttaleiti, bjó síðar á Reynivöllum en flutti í Butru 1838. Hann var bóndi á Skálafelli 1845 (sbr. kirkjubók) og lést úr mislingum í Svínafelli í Öraefum, 51 árs að aldri. Helga kona hans var ein af 11 Skaftafellssystrum og fylgdi hún Ingimundi frá Felli eftir að þau giftust vorið 1820. Hún dó þremur árum eftir lát Ingimundar, þá skráð 49 ára að aldri.

Áður en Ingimundur og Helga fluttu í Butru



Uppmælingar af minjum í Hellum, varpað á loftmynd.

höfðu þau eignast sex börn, þar á meðal Sigurð, síðar sýslunefndarmaður og hreppstjóri í Öraefum, -forfaðir Kvískerjasystkina. Hann fæddist í óveðri undir steini í hlíðum Steinafjalls örlaganóttina 7. júlí 1829. Eftir þá nótt lagðist byggð í Steinum niður. Þau misstu fimm ára gamla dóttur, Ingunni á meðan þau bjuggu á Reynivöllum. Ógæfan hélt áfram að fylgja fjölskyldunni en soninn Bjarna misstu þau 11 ára gamlan, á fyrsta búskaparári í Butru. Guðný dóttir þeirra lést ári síðar 14 ára gömul. Rétt fjórum mánuðum seinna fæddist þeim drengur en hann dó tæplega árgsamall sumarið 1840. Kirkjubækur bera vitni um mikinn barnadauða um alla sveit á þessum tíma. Algeng skýring á dauða barna var innvortis mein en erfitt er að ráða í hvað það þýðir. Vafalítið réð fátækt, skortur á hreinlæti og slæmur aðbúnaður miklu. Vatnslindir voru misjafnar á bæjum, ýmist brunnar eða vatn tekið úr opnum vatnsbólum eða lækjum þar sem búfenaður gekk líka um. Í ljósi þessa barnadauða í Butru leituðum við eftir hvar neysluvatn fékkst, en urðum einskis vísari. Þetta eru dæmi um sögur liðinna tíma og horfinna býla í sveitum Austur-Skaftafellssýslu en oft er ekkert eftir af sögunni nema tóftirnar. Íslenskar fornleifar eru að jafnaði ekki rismiklar og falla oft vel inn í landslagið en sumar eru mjög greinilegar og sjást langt að. Flestar minjar eru gerðar úr torfi og grjóti og ásýnd þeirra breytist á hundruðum ára. Á meðan sum mannvirkin eyðast og hverfa fyrir tilstilli náttúruaflanna, varðveitast önnur merkilega vel.

Í Hellum

Lítið er vitað um minjarnar undir Hellaklettum og búsetuform þar. Bæjarhúsin voru á skjólgóðum stað undir klettunum, tóftir þeirra þekkjast af því að vera stærstar þarna. Ofan í bæjartóftirnar voru einnig byggð fjárhús eða sauðahús með hlöðu eftir að búsetu lauk, líkt og í Butru og nýttu frá Kálfafellsstað. Meðfram Hellaklettum liggja þrjú myndarlega hlaðnir torfgarðar og er stutt á milli þeirra. Tóft með breiðum



Eftir að búsetu lauk í Hellum fengu bæjarhúsin nýtt hlutverk, sem fjárhús og hlaða

veggjum er þvers á milli fremri garðanna og virðist hafa verið þaklaus. Innsti garðurinn er líklega túngarður en hann liggur vestur fyrir tóftina af bæjarhúsunum. Hinir garðarnir eru styttri og liggja samhliða honum með 2 – 4 metra millibili. Engar heimildir finnst um þessa garða en hugsanlegt er að sá fremsti sé fiskigarður. Á honum hafi afli úr sjóróðrum frá Bjarnahraunssandi verið þurrkaður. Ef til vill er tóftin milli garðanna eitthvað tengd því? Hafa þarf í huga þegar fornar tóftir eru kannaðar að fá hús á 18. og 19. öld hýstu búpening. Fjárhús þekktust ekki en sauðfé hafðist við í fjárborgum, skjólum eða hellum sem hlaðið var fyrir. Þó munu lambhús hafa verið heima við bæi. Suður af Hellaklettunum eru Sauðhúsatóftir sem voru fjárborgir eða sauðahús frá Kálfafellsstað. Þær eru dæmi um hlaðnar fjárborgir úr torfi sem ætlað var að skýla útigangsfé í hörðum veðrum. Slíkar borgir og fjárskjól finnast í öllu byggðarlaginu og eru margar ævafornar og því afar merkar minjar. Frá Hellaklettum og að borgunum hafa verið hlaðnar vörður úr torfi til að beina sauðamönnum rétta leið til gegninga í

dimmum vetrarveðrum. Liggur tvöföld röð af slíkum vörðum niður úr Hellalandinu. Frá 1703 bjuggu í Hellum fátækir leiguliðar Kálfafellsstaðar, við þröngan kost og frumstæð húsakynni. Tvíbýli var þar 1831 til 1857 en ekki þó samfellt. Hugsanlegt er að gömul tóft á lækjarbakkannum rétt sunnan Hellakletta hafi verið smábýli, þar eru ummerki um garð framan við tóftina sem getur verið merki um bæ frekar en útihús.

Áframhald skráningar

Samstarf Menningarmiðstöðvar og Þórbergssseturs byggist á að skrá þessi fornu býli með ítarlegum hætti. Í maí 2020 hófst undirbúningur og vettvangsvinna. Vegna umfangs verkefnisins er skráningu skipt í fimm hluta, eftir sveitum héraðsins. Byrjað var að skrá og ljósmynda öll forn býli í Suðursveit síðastliðið vor. Allar jarðlægar minjar sem heyra undir hvert býli, eru leitaðar uppi, mældar með staðsetningartæki, ljósmyndaðar og skráðar. Tóftum, garðlögum og öðrum mannvirkjum er lýst. Skráningu er nánast lokið í Suðursveit og á nýju ári verður haldið áfram að skrá í sveitarfélaginu.

Yfir verkefninu eru Sigríður Guðný Björgevinsdóttir, landfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Þorbjörg Arnórsdóttir og Fjöltnir Torfason frá Þórbergssetri. Þeim til aðstoðar hafa verið Anna Soffía Ingólfssdóttir fornleifaræðinemi, Kristinn Fjöltnisson og Heiðar Sigurðsson. Verkefnið verður kynnt almenningi á vormánuðum 2021 með ljósmyndasýningu ásamt opnun á nýrri vefsíðu. Hvetjum við alla sem hafa áhuga eða upplýsingar um forn bæjarstæði í sveitarfélaginu til að hafa samband, við Sigríði á Menningarmiðstöð eða Þorbjörgu á Þórbergssetri. Allar upplýsingar eru mikilvægt framlag í skráningu af þessu tagi.

Sigríður Guðný Björgevinsdóttir,
Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Þorbjörg Arnórsdóttir, Þórbergsssetur, Hala í
Suðursveit



Minjar um þrjú sauðahús eru neðarlega í Hellalandi

Jólaminningar

með kveðju til eldri Hornfirðinga

Þegar ritstjóri Eystrahorns fór þess á leit við mig að ég sendi grein frá Félagi eldri Hornfirðinga í jólablaðið sá ég að lítið var til að skrifa um síðan ég tók við formennsku í félaginu 6. júní. Starfsemin hefur einkennst af covid-19 og lítið sem ekkert verið hægt að gera af hefðbundnu starfi, ekki má hittast og fólk heldur sig að mestu heima. Nú verður engin jólasamvera, engir jólatónleikar, engin spilamennska og sennilega ekkert þorrablot svo fátt eitt sé talið. Það er því nánast ekkert í starfi félagsins til að skrifa um og er það ömurlegt hlutskipti fyrir nýjan formann. Nú er fólk beðið um að halda hófstíllt jól með ekki öðrum en nánustu fjölskyldu. Gleymum samt ekki þeim sem eru einmana. Nú getum við notað símann og aðra nútímatækni til að hafa samband við fólk í öðrum landslutum og jafnvel landa á milli. Hugurinn leitar nú til bernsku minnar því þá var það einmitt líkt þessu í sveitinni, fámenn og hófstíllt jól að mestu leyti og enginn kvartaði yfir því enda þekktist ekki annað.

Til að verða við beiðni ritstjórans og skrifa eitthvað þá ákvað ég að rifja upp nokkur minningabrot bernsku minnar um jólaundirbúninginn og jólin í þá daga í þeirri von að einhverjir hafi gaman af að lesa þessi brot.

Ég er fædd og uppalin á Skálafelli í Suðursveit, næstelst 6 systkina og var því snemma vel liðtæk í jólaundirbúningnum og bý enn að þeirri reynslu.

Í mínum huga var þetta notalegur tími. Loftljós komu frá geymi og svo voru gaslampar, olíulampar, kertí og vasaljós. Það voru saumuð jólaföt t.d. 4 kjólar allir eins á okkur systur, mikið bakað m.a. hálfmánar, vanilluhringir, gyðingakökur, serenukökur og fleira, og svo var hreingert, allt var þetta gert rétt fyrir jólin. Skreytt var á Þorláksmessu en jólatréð ekki fyrr en við börnin vorum sofnuð, við sáum það svo ekki fyrr en á aðfangadagskvöld. Mér fannst það alltaf hátíðleg byrjun á jólahátíðinni þegar kveikt var á kertunum á trénu.

Jólamatur á aðfangadagskvöld var alltaf lambahryggur og svo hangikjöt á jóladag. Eftirmatur var niðursoðnir ávextir með rjóma og svo ávaxtagrauturinn sem ég elda enn á hverjum jólum. Allt var þetta hefðbundið í mínum huga. Venjulega var farið í jólamessu og á jólaball, svo var auðvitað setið við útvörp og hlustað á jólabarnatímann og spilað, en það mátti samt alls ekki á aðfangadagskvöld.

Ein hefð var alltaf viðhöfð á mínu æskuheimili á jóladagsmorgun. Þegar búíð var að mjólka var sest að veisluborði, drukkið kakó með tertum og smákökum.

Stundum fengum við að fara í kaupstað fyrir jólin ef komið var bilhald á Hornafjarðarfljóti og var það mikil upplifun. Ein ferð er mér þó sérstaklega minnisstæð.

Þá kom jólasveinn frá Reykjavík, Ólafur Magnússon frá Mosfelli söngvari og landsfrægur jólasveinn, og skemmti börnum í Hafnarskóla. Þá fengum við að fara og fannst mér það mikil upplifun þó ég hafi verið hætt að trú á þessa karla þá að mig minnir.

Um áramótin voru stundum nokkrar rakettur sendar upp í loftið, en aðalskemmtunin þegar leið á gamlárskvöld var að sitja við glugga á efri hæð og telja ljósin sem skutust upp í loftið á Höfn, þau voru ekki svo mörg þá að vel mátti telja.

Ég var orðin 65 ára þegar ég skreytti fyrst jólatré þar sem atvinnu minnar vegna var ég alltaf að heiman við vinnu á Þorláksmessukvöld. Maðurinn minn sá því um jólatrésskreytinguna ásamt börnum okkar og síðar sonardætrum. Svo tók ég við þegar ég var hætt öllu verslunarstússi. Þessi jólin fæ ég aðstoð frá langömmustelpunni sem er komin í heimsókn til Hafnar og hlakka mikið til.

Svo líða árin og jólin alltaf með sama hátíðleikanum í mínum huga. Þegar ég var að verða 15 ára fluttum við fjölskylda mín á Höfn. Þá breyttist margt. Þá fór maður að fara á ball í Sindrabæ á annan í jólum og síðan auðvitað á gamlárskvöld. Ég var nú heppin að fara á áramótadansleik í Sindrabæ 1966-67 því þar réðst framtið mín.

Jólatrésskemmtanirnar í Sindrabæ voru líka hátíðlegar, að ganga í kringum jólatréð



Ég stend hér fyrir framan Mumma bróður, þá Sigurgeir á Austurbænum og amma Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Olga systir situr í vagninum.



Fjöldasöngur á jólasamveru í Ekru 2015

með börnunum var líka gaman. Þar sem ég er gift inn í „jólasveinaætt“ var börnunum alltaf sagt að pabbi þeirra væri á fundum þegar böllin voru og því trúðu þau auðvitað. Sama sagan endurtók sig þegar Heiðar sonur okkar fór í jólasveinabúninginn, þá var stelpunum hans sagt það sama, alltaf á fundum. Eitt sinn kom jólasveinn á leikskólann Lönguhóla þegar Inga dóttir okkar var þar. Sveinki spilaði á harmoniku og fannst henni merkilegt að á hann vantaði einn fingur alveg eins og á pabba hennar.

Ög enn líða árin og ég fer að starfa í Félagi eldri Hornfirðinga. Þar eru jólasamverurnar mjög hátíðlegar. Ég hef verið á þremur, í Ekru, á Hótel Höfn og á Smyrlabjörgum síðasta desember. Allt skilur þetta eftir góðar minningar og svo líka

stóru jólatónleikarnir sem verið hafa í Hafnarkirkju sem koma öllum í hátíðaskap.

En nú er ekkert um að vera vegna kórónuveirunnar og við verðum bara að taka því, það er ekkert annað í boði. Aðalatriðið er að hlýða þrjúkinu góða og fara varlega, líka um jólin, þá fer allt vel.

Það er einlæg ósk mín, og ég veit að ég tala fyrir okkur öll í stjórn félagsins, að þessu ástandi ljúki fljótlega á nýju ári 2021 og við getum hafið starfið okkar aftur af krafti. Við erum að minnsta kosti tilbúin í það.

Svo bið ég Guð að gefa ykkur öllum gleðileg jól og farsælt nýtt ár með þökk fyrir árið sem er að líða.

Jólakveðja,

Guðbjörg Sigurðardóttir.

Óskum viðskiptavinum okkar
sem og öllum Austur-Skaftfellíngum
glæðilegra jóla og farsæls nýs árs.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



H. Christensen ehf.

Kæru ættingjar og vinir.
Bestu óskir um glæðileg jól og farsælt komandi
ár, með þökk fyrir árið sem er að líða.

Jólakveðjur
Jens og Rannveig



Við sendum öllum Hornfirðingum okkar
ósk um glæðileg jól og farsælt komandi ár.

Deloitte.

Óskum fjölskyldu, vinum og vandamönnum
glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári
með þökk fyrir liðin ár

Hjalti Egilsson og fjölskylda
Seljavöllum



Óska öllum vinum og vandamönnum
glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Þakka öll liðnu árin

Halla Bjarnadóttir



Kæru ættingjar og vinir!
Bestu jóla- og nýárskveðjur.

Þökkum liðnu árin

Heimilisfólkið

Stapa



Færi öllum vinum, ættingjum og samstarfsfólki
í Austur-Skaftafellssýslu, mínar bestu jóla
og nýárskveðjur. Þakka öll liðnu árin.

Guðjón Benediktsson, Sandaseli



Körfuknattleiksdeild Sindra óskar
Hornfirðingum glæðilegra jóla og farsældar á
nýju ári.

Þökkum sérstaklega styrktaraðilum,
velunnurum og sjálfbodaðilum sem
lögðu deildinni lið á liðnu ári fyrir
ánægjulegt samstarf.



Húsgagnaúval

Húsgögn og gjafavörur

Nú stýttist til jóla



**Opið verður hjá okkur laugardaginn
19. des og sunnudaginn 20. des frá kl.13 til 18**

Þorláksmessa frá kl.13:00 til 22:00

Aðfangadag frá kl.10:00 til 12:00

Eigum mikið úrval af fallegum og
nytsamlegum gjöfum og úrval af
skartgripum og úrum.

Símar: 478-2535 / 898-3664

Ferðafélag Austur Skaftfellinga sendir
félagsmönnum sínum, samstarfsaðilum
og landsmönnum öllum, hugheilar jóla og
nýárskveðjur, með þakklæti fyrir ánægjulegar
samverustundir og gott samstarf á árinu sem er
að líða. Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.



Jólakveðja.

Ferðafélag Austur Skaftfellinga



Óskum ættingjum og vinum
gleðilegra jóla og farsældar á
nýju ári.
Þökkum hlýhug á liðnum árum.
Guðrún og Tjörvi



Gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár. Þökkum
ánægjulegt samstarf á árinu.
Starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli,
á Breiðamerkursandi og í Gömlubúð

Óskum Hornfirðingum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Dóra, Einar og Ingólfur
Efnalaug Dóru

Félag eldri Hornfirðinga óskar félögum sínum
og velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á
nýju ári.
Hittumst hress!



Sendum Austur Skaftfellíngum okkar bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga
Bæjarfulltrúar Framsóknar
og stuðningsmenn þeirra



Óskum Hornfirðingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári

Sendum íbúum í Ríki Vatnajökuls
bestu jóla- og nýárskveðjur.



HUMARHÖFNIN
GASTRONOMY LANGOUSTINE



Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og
farsælt komandi ár.

Megi komandi ár færa gleði og frið.

Kærleikskveðjur

Ragnhildur Jónsdóttir og Grétar Vilbergsson
Kirkjubraut 9



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Gleðileg jól allir og farsælt komandi
ár, með þökk fyrir viðskiptin.

Katrín Birna – BjarmaBerg



Vil óska Hornfirðingum
Gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
Þakka viðskiptin á árinu

Rakarastofa Baldvins

Ég sendi ættingjum og vinum jóla- og nýárskveðjur með von um að nýja árið verði okkur öllum farsælt.

Anna E. Halldórsdóttir
Sandbakka 12



Sendum vinum og vandamönnum innilegar jólakveðjur og með þökk fyrir liðin ár.



Mummi og Bogga

Gledileg jól, gott og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Innilegar þakki fyrir árið sem er að líða.



Gulla og Brói

Óska vinum og ættingjum gleðilegra jóla og farsæls nýárs með þökk fyrir árið sem er að líða. Sérstakar kveðjur og þakki fá vinir mínir sem aðstoðuðu og hjálpuðu mér við smalamennsku í haust.



Unnsteinn í Hvammi

Sendi sýslubúum hugheilar jóla- og nýárskveðjur. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Dr. með vet.

Janine Arens dýralæknir

Óskum samstarfsfólki, fjölskyldu og vinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum það liðna.

Jóla- og nýárskveðjur

Gréta og Ingvaldur.



Við sendum nemendum okkar, samstarfsfólki og vinum, okkar allra bestu óskir um gleðileg jól. Njótum jólanna í friði og ró, munum að uppskrift að góðum jólum er þakklæti til fjölskyldu og vina. Jólin koma alltaf þau eru í okkar huga en ekki í umbúðunum.



Gleði og friðarjól til allra.

Kristín G. Gestsdóttir og Jóhann Morávek



Við óskum öllum Skaftfellingum gleðilegra jóla og farsæld á komandi ári.

Króm og hvítt



Sendum frændfólki og vinum góðar óskir um gleðileg jól og góða og heilsu og farsæld á komandi ári.

Þökkum liðið

Halldóra og Gísli

Kirkjubraut 28



Við sendum öllum Hornfirðingum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.



Karlakórinn Jökull



Kæru Hornfirðingar Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Kær kveðja

Snorri og Heiða Dís.

*Sendum íbúum í
Ríki Vatnajökuls bestu
jóna- og nýárskveðjur*



*Óskum Hornfirðingum gleðilegra
jóna og farsældar á komandi ári.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða*



*Verkfærni óskar öllum Hornfirðingum
gleðilegrar hátíðar. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.*




Verkfærni ehf



*Sendum Skaftfellinum, frændfólki og vinum
hugheilar jóna- og nýárskveðjur
og þökkum fyrir liðin ár.*

Albert og Ásta



*Kæru ættingjar og vinir.
Gleðileg jól,
og farsælt komandi ár.
Bestu kveðjur.
Gréta Stína og Sverrir.*

*Óskum viðskiptavinum nær og fjær gleðilegrar
jónahátíðar með kærri þakklæti fyrir viðskiptin á
liðnum árum.*

*Sigga og
Stefán Brandur*

Martölvan

*Sendum frændfólki og vinum hugheilar
jóna- og nýársóskir.
Þökkum góð liðin ár.
Biddý og Siddi*



*Jóna- og nýársóskir til allra.
Munið að gefa smáfuglunum!*

Jón Gunnar og Zsuzsa



*Sendum vinum og fjölskyldu, okkar bestu óskir um
gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum fyrir allt
gamalt og gott!*

Matta og Hjálmar



*Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt
komandi ár. Þökkum liðnar stundir á árinu sem er að líða.
Megi jónahátíðin vera ykkur fríðsæl og full af gleði.*

Joyeux Noël.

Með kærleikskveðju

*María Rut, Eyþór Grétar, Elías Bjarmi, Patrik
Nói, Benjamín Leon og Emma Roisse*



*Rósaberg ehf
óskar viðskiptavinum
sínnum og Hornfirðingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári*



*Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári.*

*Þökk fyrir viðskiptin og samstarfið
á árinu sem er að líða
Hjálmar og Einar sjúkrahjálfarar.*



*Sendum ykkur öllum hugheilar jólakveðjur
og þökkum fyrir viðskiptin á árinu.*

*Snæja og Stebbi
Heimahumar.*



*3.Framboðið færir Austur-Skaftfellingum
bestu óskir um gleðileg jól, frið og farsæld
á komandi ári. Með þökk fyrir samstarfið á
árinu sem er að líða.*



Jólakveðjur

3.Framboðið



Skinney - Þinganes
*Óskar starfsfólki
og Hornfirðingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



Getur þú hugsað þér gleðilega hátíð án rafmagns?



Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

Íþróttarárið 2020

Það er óhætt að segja að árið 2020 hafi verið ólíkt öllum öðrum árum á íþróttasviðinu. Við lærðum margt, við lærðum að hreinlaeti skiptir máli, við lærðum að við þurfum að gera hluti til þess að tryggja öryggi og heilsu annarra þó að það hafi gengið þvert á einstaklingshagsmunum og við lærðum að umgangast fjölskylduna í meira mæli en áður. Sumir lærdómar kosta uppgjör, eins og hversu langt erum við tilbúin að ganga til þess að tryggja öryggi annarra á kostnað okkar eigin framfærslu, eða hvort við erum tilbúin að verja öllum okkar tíma með fjölskyldunni og eiga ekkert persónulegt líf þess utan, og erum við tilbúin að vera ein/n með sjálfum okkur alltaf án þess að umgangast aðra til að tryggja okkar eigið öryggi. Skoðanirnar eru væntanlega eins mismunandi og við erum mörg. Sumir vilja tryggja öryggi allra sama hvað það kostar á meðan aðrir kæra sig kollótta um hvernig hlutirnir fara en flestir eru væntanlega einhverstaðar þarna á milli. Ég held að flestir hafa þó áttað sig á því að íþróttir skipta máli. Það er til orðatiltæki, enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur, og ég held að það sé árið 2020 í hnotskurn.

Íþróttir bæta heilsu og vellíðan þeirra sem það þær stunda og íþróttaviðburðir er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Við ætlumst til þess að í íþróttum læra einstaklingar að vinna saman í hóp, við ætlumst til þess að iðkendur læri heiðarleika og fylgi reglum, í íþróttum lærum við að til þess að ná árangri þurfum við að leggja á okkur mikla vinnu og fórnir, og við lærum að gera það vel og vanda okkur við það sem við höfum metnað fyrir að gera.

Íþróttarárið byrjaði hjá Sindra með hefðbundnum hætti í Korfubolta og Blaki, og almennum æfingum yngri flokka og fullorðinna í öllum greinum. Meistaraflokkar í blaki náðu að keppa á móti í janúar og var kvennaliðið efst í sínum riðli. Fljótlega fóru hinsvegar að berast fréttir af því að Covid-19 væri farið að berast út um allan heim. Samkomubann

var svo sett á 16. mars og æfingar féllu niður 16.-23. mars. Þjálfarar hjá félaginu settu upp heimaæfingar og allir iðkendur fengu sendar æfingar til þess að halda áfram æfingum með breyttu sniði. Korfuboltatímabilinu var hinsvegar lokað þar sem 4 vikna samkomubann var boðað hjá fullorðnum og ekki orðu fleiri mót í blaki. Eftir tímabilið lét svo Halldór Steingrímsson af störfum sem þjálfari Meistaraflokks í Korfubolta og við liðinu tók Pedro Garcia Rosado. Knattspyrnan byrjaði svo af fullum krafti þegar fyrsta bylgjan var yfirstaðin. Æfingar í knattspyrnu fullorðinna hófust með takmörkunum 4. maí og fyrsti leikur sumarsins var í Mjólkurbikar karla þann 6. júní og Mjólkurbikar kvenna hófst 13. júní. Fyrstu leikirnir voru lokaðir fyrir áhorfendum en smátt og smátt var takmörkunum aflétt og starfið gekk vel í öllum flokkum. Þegar liða tók á sumarið fór veiran að láta á sér kræla aftur og því miður þurfti að hætta Íslandsmótinu í knattspyrnu þegar nokkrir leikir voru eftir okláraðir og röðun liða lätin standa þar sem 2/3 hlutar af tímabilinu höfðu verið spilað og KSÍ hafði sett reglugerð fyrir þá sviðsmynd. Undir lok tímabilsins sagði Ingvi Ingólfsson starfi sínu lausu og gamalkunnir þjálfarar tóku við keflinu, þeir Sindri Ragnarson og Halldór Steinar. Eftir tímabilið tók svo Óli Stefán við þjálfun meistaraflokks karla og endurnýjaður var samningur við Veselin Chilingirov um þjálfun Meistaraflokks kvenna.

Í október fór svo að síga á ógæfuhliðina þar sem íþróttastarf var takamarkað og heimaæfingar byrjuðu aftur 31. október til 17. nóvember. Eftir það var börnum og unglingum á Grunnskólaldrí heimilt að halda áfram æfingum en fullorðnu fólki óheimt að stunda hefðbundnar æfingar og almenn íþróttaiðkun fullorðinna verið takmörkuð við útihlaup og heimaleikfimi. Meistaraflokkur karla í korfubolta náði einum leik á móti Hamri í Hveragerði áður en korfubolta tímabilið var stöðvað



Meistaraflokkur karla í fótbolta



Meistaraflokkur kvenna í fótbolta

vegna nýrra bylgju af Covid 19. Vonir standa til að meistaraflokkar í korfubolta, blaki og knattspyrnu hafi fengið leyfi til að hefja æfingar þegar þessi grein verður prentuð, en unnið er að því að fá undanþágu fyrir þessa hópa.

Mótahald verður væntanlega að biða fram yfir áramót, en það verður góð tilfíning að hefja æfingar aftur hjá meistaraflokkum og framhaldskólanemum. Forvarnir íþróttu eru ótvíræð og það hefur verið staðfest með ýmsum rannsóknum bæði hér heima og erlendis. Vonandi

náum við að vinna bug á þessari veiru sem fyrst og vonandi ná allir að komast í gegnum hátíðarnar án þess að fara í sóttkví.

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Sindra vil ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju og vonandi Covid lausu ári.

Lárus Páll Pálsson
framkvæmdastjóri UMF. Sindra

Flugeldasala Björgunarfélags Hornafjarðar 2020

Hægt verður að skoða úrvalið og panta flugelda á síðunni www.flugeldar.is.

Þú pantar á netinu, við tökum saman fyrir þig og þú sækir. Einnig verður hægt að koma inn í verslunina en þar gilda sóttvarnareglur sem öllum ættu að vera kunnar.

Fylgist með okkur á facebook-síðunni *Björgunarfélag Hornafjarðar* þar sem salan verður auglýst frekar þegar nær dregur.



Opnunartími sölunnar fyrir áramót og þrettándann:

28. des kl. 14:00-22:00
29. des kl. 12:00-22:00
30. des kl. 10:00-22:00
31. des kl. 10:00-14:00

og einnig fyrir þrettándann
6. jan kl. 14:00-18:00

Vöktun náttúruverndarsvæða

Náttúrustofa Suðausturlands tekur þátt í stóru samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), náttúrustofa á landinu, Umhverfisstofnunar og þjóðgarða um vöktun náttúrufars á ákveðnum ferðamannastöðum. Verkefnið er unnið af frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins en NÍ heldur utanum verkefnið og er ábyrgðaraðili þess. Markmiðið er að vakta fríðlýst svæði og aðra viðkvæma staði sem eru fjölsóttir og undir miklu álagi vegna ágangs ferðamanna og er áhersla á að skoða áhrif mannsins á vistgerðir og plöntur, jarðminjar, fugla og spendýr.

Áhrif fólks á náttúru eru þekkt víða og birtast með ýmsum hætti. Algeng neikvæð áhrif vegna umferðar ferðamanna eru m.a. gróðurskemmdir, gróður- og jarðvegseyðing, skemmdir á jarðminjum, mengun, skerðing búsvæða og truflan á dýralífi með margvislegum afleiðingum fyrir viðkomandi tegundir. Hve mikil áhrifin verða fer eftir fjölda gesta, en einnig hegðun þeirra og dreifingu í tíma og rúmi, ásamt þeim innviðum og stýringu sem er til staðar á svæðunum. Ein helsta áskorun verkefnisins núna er að greina þá þætti sem mæla áhrifin af álagi ferðamanna sem best.

Á Suðausturlandi eru fjöldi vinsælla ferðamannastaða og eru sumir þeirra fríðlýst náttúruvætti, aðrir innan þjóðgarðs og enn aðrir á einkalandi. Einnig eru staðir á svæðinu sem eru líklegir til að verða vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Slíkir staðir eru enn óspilltir og því er mikilvægt að fylgjast með áhrifum ferðamanna á náttúrufar þeirra staða frá upphafi. Undirbúningur, gagnaöflun og þróun aðferða hófst árið 2019, en sjálf vöktunin varíð 2020. Unnið var eftir samræmdum aðferðum um allt land, allt eftir viðfangsefni

vöktunar á hverjum stað. En notast er m.a. við endurtekna ljósmyndun, flugmyndatökur, lengdarmælingar og gert var mat á gróðurþekju og jarðvegi auk bergmyndana, GPS hnitun, talningar og fleira.

Náttúrustofan sinnti vöktun á nokkrum svæðum á Suðausturlandi sumarið 2020. Staðir sem voru vaktaðir eru á Breiðamerkursandi, við Múlagljúfur og í Eldhrauni. Einnig var gert ástandsmat við Fjaðrárgljúfur og Dverghamra. Á Breiðamerkursandi hefur umferð ferðamanna og ferðaþjónustunnar aukist síðustu ár og vegir og slóðar vaðist út á köflum. Áhyggjuefni er hvaða áhrif þetta hefur á dýr sem eiga búsvæði á sandinum. Skúmar, kríur og helsingjar voru vaktaðir nærri Jökulsárlóni og selir voru taldir við látur á Breiðamerkursandi. Einnig voru stígar á og við jökulöldur nærri Jökulsá á Breiðmerkursandi skoðaðir og myndaðir. Við Múlagljúfur voru stígar og fuglar skoðaðir, en í Eldhrauni hentistígar og traðk.

Verkefninu verður fram haldið næstu árin og munu einhverjir staðir bæstast við og vöktun þeirra staða sem voru heimsóttir í sumar endurskoðuð. Næstu skref í verkefninu er að leggja mat á árangur af vinnu sumarsins með öðrum stofnunum, vinna úr niðurstöðum og í framhaldinu skerpa á einstökum aðferðum og verkefnum fyrir vöktun næsta árs og ára. Þegar vöktunin hefur staðið í nokkur ár, verður væntanlega hægt að sjá áhrifin til lengri tíma og bregðast við því sem þarf að bæta. Verkefninu fylgja mikil samskipti milli stofnana sem er jákvætt því þannig miðlast þekking á milli rannsóknaraðila og styrkir samstarf til framtíðar.

*Kristín Hermannsdóttir
forstöðumaður Náttúrustofu
Suðausturlands*



Skúmapar á Breiðamerkursandi, en þar voru hreiður á ákveðnu svæði kortlögð. Í allt fundust 33 hreiður og af þeim misfórust 8 vörp árið 2020. Þörf er á að vakta skúmsvarpið við Jökulsárlón næstu árin, til að fylgjast með þróuninni. Mynd: Náttúrustofa Suðausturlands



Göngustígur að Hangandifossi í Múlagljúfri. Stigurinn var dæmigerður kindaslóði og ekki breiður en hefur með aukinni umferð vaðist út á köflum. Margir kjósa að ganga frekar á mjúkum mosa og gróðri meðfram stígnum, en á grófu grjóti og mól, sé þess kostur. Mynd: Náttúrustofa Suðausturlands



Slóðar og traðk við eitt af útskotum í Eldhrauni. Þar er mikið álag á þunnt gróðurlag og einnig myndast „hentistígar“ (þegar fólk styttr sér leið) víða út frá fyrri slóðum við tiltölulega litla gangandi umferð. Mynd: Náttúrustofa Suðausturlands



Sendum Austur-Skaftfellingum
og öðrum landsmönnum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Jóhann og Óla *Húsgagnaaval*



Óska öllum vinum og vandamönnum
gledilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þakka öll liðnu árin.

Halla Bjarnadóttir

Kæru ættingjar og vinir.
Bestu jóla- og nýárskveðjur.
Þökkum liðin ár.
Ragnar og Inga
Akurnesi.



Frá Salto til Hafnar



Ernesto með fjölskyldunni og bestu vinum
í brúkaupi í Úrúgvæ

Ernesto Barboza er 42 ára og er frá borginni Salto í Úrúgvæ í Suður Ameríku. Við ákváðum að forvitnast um jólahæðir í heimalandi hans og hans upplifun af íslenskum jólum.

Hvenær fluttir þú til Íslands og svo Hornafjarðar?

Ég kom upphaflega til Íslands árið 2000. Við fluttum svo til Hornafjarðar í byrjun júní 2014.

Er einhver sérstök hefð sem þú heldur meira uppá en aðra?

Það er gaman að fá sér rúnt í myrkrinu og skoða öll jólahjósini en mitt allra helsta upphald við jólin hér á Íslandi eru smákökurnar hjá Simma og Rósu.

Hvernig er haldið uppá jól í þínu heimalandi ?

Jólin í Úrúgvæ snúast um að vera með fjölskyldunni. Stórfjölskyldan kemur öll saman og það var alltaf heima hjá mömmu. Við vöknum snemma um morguninn og byrjum að elda fljótlega eftir það, svo um hádegisbil erum við með smarétti, og svo byrjum við að grilla fyrir kvöldmatinn. Við borðum um kl. 21 á kvöldin en jólin sjálf eru á miðnætti og þá skjótum við upp flugeldum og vökum lengi og höfum gaman. Það er mikið sungið og alltaf mikið um tónlist. En auðvitað er sumar hjá okkur í Úrúgvæ í desember, þannig að við erum alltaf úti

því hitinn er mjög mikill á þessum tíma. Síðast þegar ég hélt upp á jól í Úrúgvæ, sem var fyrir ca. 15 árum, var ekki verið að gefa gjafir heldur voru það "Reyes" (*Kóngarnir þrív, sem er vísun í vitringana þrjá, innskot blaðamanns*) sem komu 6. janúar með gjafirnar. En sennilegast hefur eitthvað breyst á þessum árum. Í Úrúgvæ er grillað, stór grill og margar tegundir í einu á boðstólum. Borðið í bakgarðinu hjá mömmu var alltaf dekkjað upp fyrir 15-20 manns. Eftirréttir eru margir td. ávaxtaslat, búðingur flann og ís. Hér hjá okkur á Íslandi eru jólin hefðbundin íslensk jól.

Hvernig upplifir þú íslensk jól í samanburði við hátíðarhöldin í þínu heimalandi?

"Það er svo erfitt að bera saman jólin á milli landa þar sem að ég hef ekki verið heima í svo mörg ár. Ætli ég sé ekki bara orðinn svo mikill Íslendingur að ég kann bara íslensku hefðina í dag" segir Ernesto og hlær.



Hirðingjarnir

óska Hornfirðingum og velunnurum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Kæru ættingjar og vinir,
Innilegar jóla- og nýársóskir.
Þökkum líðin ár.
Kærar kveðjur,
Kjartan og Lóa

Kæru Hornfirðingar,
gleðilega hátíð &
farsælt komandi ár!



Okkar bestu þakkir fyrir viðskiptin
á árinu 2020. Hlökkum til að sjá
ykkur hress á komandi ári.
Starfsfólk Pakkhússins



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyting á aðalskipulagi – Hnappavellir I

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 10. desember 2020 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að hluta af jörðinni Hnappavöllum I verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Á svæðinu verði starfrækt ferðaþjónusta með allt að 20 gistiryfum auk minniháttar tjaldgistingar. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði í byggingum sem þegar eru á svæðinu. Skipulagslýsinguna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu skv. skipulagslögum.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 4. janúar 2021 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri



Með listagallerí heima hjá sér

Hjónin Lind Völundardóttir og Tim Junge fluttu til Hornafjarðar árið 2018, Tim lauk námi við Konunglegu akademíuna í Den Haag og eftir námið vann hann með hópi listamanna og stofnuðu þeir B141 sem er vinnustofurými fyrir listamenn og nokkru seinna stofnuðu þeir einnig Quartair contemporary arts initiatives. Megintilgangur Quartair var að stuðla að menningarlegum skiptiverkefnum við norðurlöndin til að byrja með. Quartair og B141 er enn starfandi í dag. Fjöldi listamanna og hópa alls staðar að úr heiminum hafa sýnt þar. Einnig starfaði Tim í rúman áratug sem grafískur hönnuður í Hollandi. Í dag vinnur Tim hjá Byggðasafni Hornafjarðar og hjá 45B sem er lítil auglýsingastofa sem við rekum ásamt því að bera út póstinn á Höfn.

Lind er útskrifuð með sveinspróf í kjólasaumi frá Iðnskólanum í Reykjavík og síðar nam hún við Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Eftir það útskrifaðist hún úr framhaldsnámi í myndlist og hönnun, frá St. Joost í Breda í suður Hollandi. Í Hollandi vann hún fyrir leikhús, Joop van den Ende stage entertainment og í 10 ár fyrir NDT Nederlands Dans Theater. Hún var allan tímann að baksa í sinni myndlist og halda sýningar hér heima og erlendis, en hefur síðustu 10 árin ekki verið virk í sýningarhaldi. Lind útskrifaðist síðar með MA í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst og M.Ed. í kennslufræðum frá Háskóla Íslands og hefur frá þeim tíma einbeitt sér að verkefnastjórnun listverkefna og kennslu. Hún stofnaði og rekur hlutafélagið art365 með Perlu Torfadóttur. En art365 ehf. stendur að útgáfu íslenska listadagatalsins. Frá 2013 hefur art365 gefið út íslenska listadagatalið List í 365 daga, sem er frekar stórt að umfangi eða 365 listamenn, 370 blaðsíður og fær hver listaverk/listamaður eina síðu. Skemmtileg staðreynd um dagatalið er að það er 28 cm x 33,5 cm og 4,5 cm á þykkt og vegur tvö og hálf kíló. Eystrahorn hafði samband við þessi listelsku hjón til að fræðast aðeins um það sem þau eru að brasa þessa dagana.

Hvaðan kom hugmyndin að List í 365 daga og hvernig hefur verkefnið þróast ?

“Hugmyndin þróaðis út frá „tear off calendar“ og annarskonar lista dagatölum. Tim hannaði útlitíð en stærsta verkefnið í byrjun var að útskýra verkefnið fyrir fólki og fá 365 listamenn til liðs við okkur. Fyrsta dagatalið kom út 2014. Vonandi getum við haldið þessu áfram en þetta er mikil vinna sem við höfum unnið í sjálfböðu vinnu ef svo má segja. Dagatalið hefur staðið undir kostnaði við prentun og pappír. Það væri gaman að geta haldið áfram að gefa þetta út á hverju ári, en til þess þá þurfum við að fá einhvers konar styrk. 2015 bættum við upphengjum við hönnunina og höfum nú hannað kassa og klemmur þar sem hægt er að setja dagatalið saman í lok árs og geyma það sem bók. En í ár kemur dagatalið ekki út í eiginlegri mynd.”



Tim og Lind við verk Hlyns Hallssonar á sýningunni Núna eða aldrei - Jetzt oder nie - Now or never

Þau hafa einnig sett af stað verkefnið MUUR á heimili sínu hér á Höfn. MUUR er sýningarrými, um það bil einn og hálfur veggur þar sem meiningin er að bjóða listamönnum hingað á Höfn til að halda þar sýningar með 2-3 mánaða millibili. Listamenn sem annars ættu ekki leið með verk sín á Höfn.

Afhverju fóru þið af stað með MUUR ?

“Síðan við fluttum til Hafnar þá hefur okkur langað að skapa rými fyrir list og umræður um um hana. Heima galleri eru velþekkt í Evrópu og víðar um heim. Okkur fannst að með því að opna okkar dyr með þessum hætti þá væri hægt að koma mörgu til leiðar í einu, sýna samtíma list og bjóða fólki heim í samræður um listir og fleira. MUUR þýðir VEGGUR á hollensku

Núna er sýningu Hlyns Hallssonar, Núna eða aldrei - Jetzt oder nie - Now or never, að ljúka og við erum að gera klárt fyrir opnun Sólveigar Aðalsteinsdóttur, en sú sýning opnar 2. janúar. Vonandi getum við opnað dyrnar upp á gátt þann dag og tekið á móti sem flestum.”

Hvað er á döfnni hjá ykkur á næstunni ?

“Við erum að byrja að vinna undirbúnings vinnu að verkefni sem við köllum Gola eða Breeze. Hugmynd verkefnisins er að tengja saman fyrirtæki og listamenn, bæði íslenska og erlenda í nokkurskonar listahátíð sumarlangt með útilistaverkum. Til að hefja þessa undirbúnings vinnu fengum við styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurlands. Einnig erum við með aðra hugmynd í farvatninu sem heitir Slóð 99, en það verkefni snýr að raftónlist og hljóð- og vídeó list.”

Lind og Tim vekja athygli á að nú stendur yfir sýning á verkum allra þeirra listamanna



Frá sýningunni List í 365 daga, sem er í Listasafni Reykjanesbæjar. Mynd: Dagur Jóhannsson



sem tóku þátt í verkefninu List í 365 daga 2020 með þeim en sýningin er í Listasafni Reykjanesbæjar og stendur til 22. desember.

K r a k k a h o r n i d

Ískertastjakar

Þessa fallegu ískertastjaka er auðvelt að útbúa og þarf ekki mikið til að gera þá nema þá helst kalt veður. Nú virðist sem það ætli að kólna á ný, á næstunni, ef marka má veðurspár og er þá kjörið að útbúa sæta ískertastjaka til að lýsa upp garðinn, pallinn eða stéttina. Ef frostið klikkar þá er alltaf hægt að gera kertastjakana með því að nota frystikistu.

Hvað þarf til:

- Blöðrur
- Vatn
- Frost

Hvað skal gera:

- Fyllið blöðru af vatni til háls. Það þarf að halda vel við stúttinn á blöðrunni svo vatn leki ekki út fyrir.
- Blásið smá lofti í blöðruna og bindið vel fyrir.
- Setjið blöðruna út í frostið eða ofan í fyrstkistuna. Gott er að hafa hana úti yfir eina nótt. Til að fá sléttan botn er gott að geyma blöðruna á disk.
- Klippið blöðruna utan af ísnum.
- Brjótið nú varlega ofan af kúlunni, en innan í henni er holrými.
- Hellið öllu vatni af og setjið kerti ofaní og kveikið á.

Við höfum sjálf prófað að gera svona kertastjaka og þeir vöktu mikla lukku. Við gáfum góðum vinum okkar þá í gjöf yfir jólin. Þetta er einfalt og sniðugt föndur fyrir allan aldur.

Ef við viljum vera enn umhverfisvænni og sleppa blöðrunum þá má einnig gera slíka kertastjaka t.d. með því að nota ýmis ílát eins og mjólkurfarnu, plastdalla og svo framvegis, bara um að gera að prófa sig áfram og sjá hvað virkar best fyrir ykkur.

Njótið!



<http://www.willowday.net/2012/01/ice-art-2-ice-art-with-balloons/>

Gísli Ólafur



Gísli Ólafur Ægisson er 10 ára gamall, sonur Hafdísar Hauksdóttur og Ægis Olgeirssonar. Hann býr á Höfn og hefur

búið hér síðan í 2. bekk og finnst það bara alveg notalegt að búa hér.

Gísli æfir sund og segir það þínu skemmtilegt. Við spurðum Gísla hvert draumastarfið hans væri og sagðist hann ekki alveg vera viss, en það væri allavega ekki kokkur. Ef Gísli hefði vald til að breyta einhverju í Hornafirði sagðist hann kannski vilja stærri og lengri sundlaug. Uppáhalds jólasveinninn

hans Gísla er Stekkjastaur og finnst honum jólin snúast um að vera saman og hafa gaman. Hann virðist ekki vera stressaður um hvað hann fær í jólagjöf og þegar hann var spurður hvað hann vildi í jólagjöf ef hann gæti valið sér hvað sem er í heiminum sagðist hann ekki vita það en "kannski bara leiki". Uppáhalds jólamaturinn hans er hamborgarhryggur og á aðfangadag þykir honum þykir skemmtilegast

að opna pakka og borða. Við spurðum Gísla um uppáhalds jólahefðina hans og sagði hann okkur að þau færu oft í jólaeiki, pakkaleik og að hann hefði einu sinni fengið servíettur í pakkanum.

Hvít jól eru í uppáhaldi hjá Gísla og segir hann okkur að honum þyki bara mjög gaman á jölunum og að fara út í snjóinn.

Við óskum Gísla gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þökkum honum spjallið.

Katla Eldey



Katla Eldey Þorgrímsdóttir er 7 ára stelpa sem býr í Nesjahverfi. Foreldrar hennar eru Þorgrímur Tjörvi Halldórsson og Birna Jódís Magnúsdóttir sem eiga og reka veitingastaðinn Úps og keramikvinnustofuna Endemi. Katla fílar vel að búa hér í Hornafirði og æfir fimleika.

Sjálf segist hún vera búin að æfa sig í mjög mörg ár að gera arabastökk og handhlaup.

Við spurðum Kötlu hvað draumastarfið hennar væri, "mig langar að vera kokkur í fyrsta lagi, svo langar mig að gera keramik og allskonar bolla, svo langar mig líka að vera dansari og söngvari", segir Katla.

Kötlu er greinilega umhugað um að við séum öll góð hvort við annað en þegar hún var spurð hvað hún vildi að helst myndi breytast, ef hún hefði völd til að breyta einhverju svaraði hún að hún vildi helst breyta því að fólk væri ekki að vera leggja í einelti, meiða og vera leiðinleg og bætti við að maður gæti líka bætt sig í því sem maður gerir sjálfur.

Nú snúum við okkur að jólonum og spyrjum Kötlu hver sé uppáhalds jólasveinninn hennar og það stendur ekki á svörum og er Stúfur í uppáhaldi hjá henni og segir Katla að "í hvert skipti þegar við vorum að leika jólasveina var ég alltaf valin sem stúfur því ég var svolítið lítil". Jólin snúast í hennar huga um að eyða tíma með fjölskyldu sinni og þeim sem maður elskar. Við spurðum

hana hvað hún vildi helst fá í jólagjöf ef hún gæti valið hvað sem er í heiminum og svaraði Katla: "ég á alveg mjög mikið dót það sem ég myndi óska mér í jólagjöf væri örugglega að fá að... þetta er svolítið erfitt... það væri örugglega að fá að leika í Harry Potter mynd, það er uppáhalds draumurinn minn og jólagjöf og að fá að hitta Emmu Watson, Daniel Raddcliff og Rupert Grint því þau leika Harry, Hermione og Ron" og bætti hún við að Ginny Weasley væri hennar uppáhalds Harry Potter persóna vegna þess að "hún getur verið feimin eins og ég, hún er hugrökk og skemmtileg sögupersóna. Kötlu finnst skemmtilegast að eyða tíma með fjölskyldunni sinni á aðfangadag og þegar hún fékk spjaldtölvu frá mömmu og pabba í jólagjöf. Við spurðum Kötlu út í uppáhalds jólamatinn hennar: "Á ég að segja þér hvað við borðum um jólin, stundum borðum við önd ekki bara venjulega önd, við skerum hana upp, pabbi skar hana upp, með mér og svo tók hann mynd af mér með lappirnar af henni og svo skárum við allt úr henni og settum ávexti inni hana, en mér fannst það ekkert mjög gott. Pabbi minn býr til besta kjötbollu spaghetí í heimi og það er uppáhalds maturinn minn."

Kötlu finnst hvít jól skemmtilegri en rauð jól því henni finnst svo gaman að gera snjókalla og borða snjó.

Við þökkum Kötlu kærlega fyrir að setjast niður með okkur og svara nokkrum spurningum og óskum við henni og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og vonum við að hún muni eiga góðan tíma með fjölskyldu sinni og þeim sem hún elskar.

Einföld

Sudoku

Erfið

		6					5	
	5		3			2		
4	3	2		8			9	
					5			1
2		8	6				4	
		3	1	5	7			8
					6	1		
				4	8		6	

	5		3					1
3				7		8		
			2					
							6	4
9		5				7		
	4				5	3		
		9	1		6			
1		6				2		5
8								

Ljóð

Hér eru nokkur gömul ljóð eftir börn sem birtust í Eystrahorni fyrir mörgum árum. Kannski leynist ljóð eftir mömmu þína eða pabba hér.

Einu sinni var jólasveinn hann var alltaf að stela. Eitt sinn um jól mætti hann alvöru jólasvein. Hann var að fara að gefa í skóinn.

Axel 3. SN - 1993

Haustið

Haustið er fallett.
Laufin falla af trjánum.
Skólinn byrjar
Veturinn er kaldur.
Hvað á ég að gera

Guðrún Arna, 10 ára - 1991

Hestarnir bíta grasið
vita ekki um hættuna
þegar veggir alheims hrynja
með þynningu ósonlags
rétt eins og heili á táníngi
eftir fylleri.

Haukur M. Hrafnsson - 1991

Jólafrí

Jólafrí, jólafrí
börnin fara í jólafrí.
Þau eru bæði falleg og fin
eins og jólastjarnan mín

Þrúðmar Kári, 10 ára - 1991

Aðventuljóð

Þegar aðventan kemur er maður að undirbúa sig fyrir
fæðingu Jesús
maður les sálma og hugsar fallega,
sendir bréf til vina sinna.
Um jólin gefur maður öðrum gjafir til að gleðja þá.

Lára Magnúsdóttir, 12 ára - 1991

Jólasveinar

Jólasveinar þrettán koma
útaf stjörnunum.
Með skeggið sitt og skotthúfuna
og gjafir handa börnunum.

Ragnhildur, 9 ára - 1991

Stiginn

Smásaga eftir Isold Andreu Andresdóttir
6.H Grunnskóla Hornafjarðar

Vá, ég nenni ekki að fara á fætur hugsar Guðrún María en svo heyrir hún í pabba sínum kalla á hana FARÐU Á FÆTUR ÁÐUR EN MORGUNMATURINN VERÐUR KALDUR Guðrún María fer á fætur og hleypur niður stigann ennþá í náttfötunum. En þegar hún er á leiðinni niður dettur hún beint á andlitið, hún öskraði svo hátt að nágrannarnir heyrðu örugglega í henni, mamma og pabbi Guðrúnar hlaupa til hennar og hringja í sjúkrahúsið. Hún grét og grét á meðan hún var að borða íspinna.

Þegar hún er mætt inn í sjúkrahúsið heyrir hún í einhverri rödd sem hún kannast við, er þetta Emil Logi Óskars spyr Guðrún María. Jáá segir Emil, hvernig þekkir þú mig, hver ertu, hrópar hann. Haha þetta er Guðrún María í þínum bekk. Óóóó hvað ert þú að gera hérna spyr hann. Ég var að hlaupa niður stiga og datt beint á andlitið. Ómæ go-afhverju ert þú hérna spyr Guðrún, það var ýtt mér niður brekku og ég rotaðist og höndin mín brotnaði. Hægri eða vinstri spyr Guðrún, hægri einhver gömul kona fann mig og fríkaði út segir Emil svo hlóu þau bæði.

Eftir nokkrar vikur átti hún afmæli og þá var það tími til að fara heim, hún vildi að Emil myndi koma í afmælið hennar en hann var ennþá í spítalanum. Svo hún hélt upp á afmælið sitt í spítalanum, mamma hennar Guðrúnar var mjög góð í að baka, hún bjó til marga gómsætar kökur og þar kláruðust allar. Þegar afmælið var búið var það tími til að fara heim, þegar hún kom heim til sín hoppaði hún upp í rúmið sitt og fór að sofa. Hún svaf yfir sig og var að verða sein í skólann, hún flýtti sér í föt og hljóp niður stigann en á leiðinni niður datt hún BEINT Á ANDLITIÐ.

Perluþfjör

Á internetinu, t.d. á síðunni Pinterest, má með einfaldri leit finna allskonar skemmtilegar föndurhugmyndir. Hér eru nokkrar tillögur að jólaskrauti t.d. á pakkann sem er búið til úr perlum. Það getur verið sniðugt að fá fjölskylduna með til að dunda sér.



Smásögvasamkeppni

Eystrahorn efnir til smásögvasamkeppni barnanna. Sendu okkur sögu sem þú semur alveg sjálf/ur á tölvupóstfangið eystrahorn@eystrahorn.is fyrir **7. janúar n.k.** Vinningshafi verður tilkynntur í 2. tbl. nýs árs 14. janúar 2021.

VERÐLAUN Í BOÐI!



Ljóð

Hér eru fleiri gömul ljóð eftir börn sem birtust í Eystrahorni fyrir mörgum árum. Kannski leynist ljóð eftir mömmu þína eða pabba hér.

Fæðing frelsarans

Betlehem var barn eitt fætt
jötu reyfað lá,
og til hans sveimaði englaher
af himnum ofanfrá

Guðmundur Steinar Halldórsson, 12 ára - 1993

Frímínútur

Hlátur, grátur
öskur, slagsmál,
eltingaleikir
krakkar!
tíminn


er byrjaður

Sævar Már Björnsson, 12 ára - 1993

Jólin

Jólin mín og jólin þín
eru afar fin.
Með finni finirí
og líka gotterí

Ása Sæunn, 9 ára - 1993



Umsjón yfir Krakkahorni hafði Vaka Sif Tjörvadóttir 12 ára. Hún tók viðtöl og aðstoðaði með efni í blaðið.

Almar Páll



Almar Páll Lárusson er 15 ára sonur þeirra Jónínu Kristínar Ágústsdóttur og Lárusar Páls Pálssonar. Almar flutti á Höfn með fjölskyldu sinni þegar hann var 12 ára þegar pabbi hans tók við starfi framkvæmdastjóra Sindra og kannast flestir krakkar við mömmu hans en hún kennir heimilisfræði við Grunnskóla Hornafjarðar.

Almar segist aðspurður finnast mjög gaman að búa á Höfn en hann æfir nú fótbolta með Sindra. Almar á sér flotta drauma um framtíðina en akkúrat núna er draumastarfið hans annað hvort að verða fótboltamaður eða að vinna við eldflaugar hjá SpaceX, en það er bandarískt geimflugafyrirtæki sem var stofnað af Elon Musk en fyrirtækið bæði framleiðir og sendir geimflaugar út í geim. Þess má geta að Elon Musk er einnig eigandi Tesla bílaframleiðandans.

Við spyrjum Almar að því hverju hann vilji breyta hér í Hornafirði ef hann hefði völd til þess og það stendur ekki á svörum, en honum finnst vanta eitt stykki kvikmyndahús.

Nú snúum við okkur að jölunum og spyrjum hver uppáhalds jólasveinninn hans sé og segir Almar það vera Stekkjastaur. Almar finnst jólin fyrst og fremst snúast um að vera með fjölskyldu sinni og í hans huga er það það skemmtilegasta við aðfangadag ásamt því að borða góðan mat. Uppáhalds jólamatur Almars er bayonne skinka með súkkulaði ávaxtasalati. Við spurðum Almar hvað hann vildi helst fá í jólagjöf ef hann gæti valið hvað sem er í heiminum, eftir smá umhugsun segist hann vera alveg til í að fá vinningslottómiða. Almar segir enga jólahefð í uppáhaldi en að honum líki vel við snjóinn og kjósi hvít jól.



Sigrún Ólafsdóttir



Við innsetningarathöfn Sigrúnar við Háskóla Íslands

Sigrún Ólafsdóttir fæddist í Reykjavík 16. maí 1974, dóttir Svövu Kristbjargar Guðmundsdóttur og Ólafs P. Harðarsonar. Eystrahorn heyrði í Sigrún og fékk að forvitnast aðeins um æskuna á Höfn, jólahefðir og annað sem hefur á daga hennar drifið.

“Ég ólst upp á Hornafirði hjá móður minni og í nánun samneyti við ömmu mína og afa, þau Sigrúnu Eiríksdóttur og Guðmund Jónsson. Æskuárin voru mjög hefðbundin, við móðir mín bjuggum á Dvergasteini (Bogaslóð 12) í sama húsi og afi og amma þangað til ég var sjö ára, en fluttum þá á Silfurbraut 10, en á þeim tíma fannst mér afar langt þar á milli. Ég hafði alltaf mjög gaman af því að vera í skólanum og var 10 ára þegar ég ákvað að ég ætlaði að fara í Menntaskólann við Sund þegar sá tími rynnir upp. Ég eyddi miklum tíma með afa en sérstaklega ömmu, sem að sá um allt bókhald og umsýslu fyrir Trésmiðju Hornafjarðar sem afi rak. Einnig voru þau afi og amma mikið í hestum og fékk ég að vera með þeim, við fórum yfirleitt tvisvar á dag inn í hesthús að gefa hestunum og svo var auðvitað skemmtilegast að fara á hestbak.”

Jólin

“Jólin okkar voru einnig frekar hefðbundin og framan af fannst mér að þau yrðu alltaf að vera eins. Amma söng í kirkjukórnum, þannig að jólin byrjuðu á messu á aðfangadag klukkan sex, þar sem ég hef frétt að ég hafi verið til vandræða sem litíð barn þar sem ég vildi frekar horfa aftur í kirkjuna á ömmu að syngja (en þá var kórinn á svölunum), heldur

en prestinn messa. Eftir messuna þá biðu rjúpunar heima hjá afa og ömmu og var biðin eftir að fá að opna pakkana oft nokkuð löng. Vinsælasta jólagjöfin voru bækur og held ég að ég hafi oftast fengið 10-20, en kvartaði nú víst ein jólin sem barn að hafa bara ekki fengið neitt dót. En það var nú kannski bara sjálfri mér að kenna, þar sem ég bað almennt ekki um neitt annað í jólagjöf. Eftir matinn og opnun pakkana komu þau Ásta, Gauri og Helga Rún til okkar og liðu jólin svo í jólaboðum með fjölskyldunni og heimsóknum til náinna vina. Það er erfitt að hugsa um einhverja eina eftirlætisjólalinningu, þar sem jólin voru bara notaleg og nákvæmlega eins og ég vildi hafa þau með fjölskyldunni. Ég var þó einu sinni í Reykjavík hjá föðurfjölskyldunni á júlunum og tvisvar í Bandaríkjunum, og sú reynsla gerði mig aðeins frjálslýndari varðandi það að hlutirnir þyrftu ekki alltaf að vera eins og allt í lagi að breyta út af vananum. Fyrstu jólin sem ég var erlendis fór ég með vini mínum, Jason Beckfield, til Joplin sem er í Missouri og þar borðuðum við mexíkóskan mat og opnuðum pakkana á hádegi á aðfangadag. Það passaði auðvitað við tímann á júlunum heima og það var óneitanlega skrítið að tala við fjölskylduna úr fjarlægð, en lét mig líka sjá að það sem skiptir máli er gæðatími með fjölskyldu og ástvinum, hvort sem hann er í



Sigrún ásamt Krissu móður sinni á Öttó

desember, maí eða september.”

Á námsbraut

“Ég var 17 ára þegar ég fluttist til Reykjavíkur og fór í Menntaskólann við Sund. Þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands þar sem ég lærði félagsfræði og þegar ég var 25 ára flutti ég til Bandaríkjanna og hóf doktorsnám í félagsfræði við Indiana háskólann sem er í Bloomington. Það er afar fallegur og hefðbundinn háskólabær og leið mér mjög vel þar í 8 ár, eignaðist frábæra vini og var með einstaka leiðbeinendur. Frá því að ég var lítil, þá var það að vera í skóla eitt það skemmtilegasta sem ég gerði og því fannst mér gott að gera það bara sem lengst. Það sem átti stærstan hlut í að ég færi til Bandaríkjanna voru kennarar mínir í félagsfræði í HÍ og þá sérstaklega Þórólfr Þórindsson sem leiðbeindi mér við skrif BA-ritgerðar minnar. Hann lagði mikla áherslu á gæði doktorsnáms í Bandaríkjunum og var sannfærður um að Indiana skólinn væri réttur fyrir mig. Það kom heldur betur á daginn, og vann ég sérstaklega náð með leiðbeinanda mínum, Bernice Pescosolido, sem hefur einmitt nokkrum sinnum komið til Íslands og fyrir COVID-19 fórum við alltaf í a.m.k. eina ferð saman á ári þar sem við blönduðum saman vinnu og skemmtun. Það eru einmitt hún og fyrrnefndur Jason sem eru enn nánasta samstarfsfélög mitt í Bandaríkjunum og nú fyrir jólin kom út sérhefti í einu virtasta tímariti í heilsufélagsfræði sem við Jason ritstýrðum, en það fjallar um ójöfnuð í heilsu í alþjóðlegu samhengi.”

Þegar ég fór út þá hafði ég engar væntingar um að vinna í akademíu eða verða prófessor, en sá stuðningur og hvatning sem ég fékk í Indiana sýndi mér að þetta er einmitt rétti starfsvettvangurinn fyrir mig. Ég var hvött til að fara á atvinnumarkaðinn í Bandaríkjunum og ákvað ég að sjá hvernig það gengi. Þar er mikil samkeppni um stöður og sennilega 100-200 umsóknir um stöðu í bestu skólunum, en eftir langt umsóknarferli þá var mér boðin staða við Boston háskólann. Þar var ég í 8 ár og fékk meðal annars æviraðningu, en það er ferli sem tekur um það bil ár

og allt varðandi þinn akademiska feril er metið, og þá ákveður skólinn hvort þeir vilji halda þér eða þú hreinlega missir vinnuna. Þannig að þetta er mjög streituvaldandi ferli og að því loknu fékk ég rannsóknarleyfi í eitt ár þar sem ég dvaldi í Evrópu, og það lét mig svoltið fara að spyrja spurninga um hvað ég vildi í lífinu og hvað skipti máli og að lokum gerði ég mér ljóst að það eina rétta var að koma heim til Íslands. Ég var síðan svo heppin að fá stöðu við Háskóla Íslands og fór í flýtifrangang í prófessor og hóf störf sem prófessor í félagsfræði við HÍ haustið 2016.

Komin heim

Það hefur í einu orði sagt verið dásamlegt að flytja heim og hefja störf við Háskólann. Þó mikið sé að gera er það að mörgu leyti mun meira gefandi en starfið í Bandaríkjunum og í svona litlu samfélagi eru alls konar tækifæri sem bjóðast. Auðvitað er starfið það sama að mörgu leyti: kennsla, rannsóknir og stjórnun, en það bætist við að geta haft áhrif í samfélaginu. Því tengt höfum við til dæmis verið með hlaðvarpsþátt, Samtal við Samfélagið, þar sem málefni liðandi stundar eru greind út frá félagsfræðinni. Einnig hef ég komið að vinnu fyrir bæði Heilbrigðis- og Velferðarráðuneytið, og sit núna í sérfræðingahóp á vegum ASÍ sem greinir efnahagslegar afleiðingar kófsins og hvernig bregðast má við þeim til að lágmarka áhrif á velsæld þjóðarinnar. Auk þess að starfið er mjög gefandi, þá er auðvitað dásamlegt að vera komin nær fjölskyldu og vinum (þó að ég eigi auðvitað líka mína bandarísku og reyndar þýsku fjölskyldu) og að fá að lifa og starfa í þessu einstaka landi. Þegar ég var að velta fyrir mér að flytja heim tók ég eftir því að ég var farin að sakna náttúrunnar mjög mikið og hefur hún orðið mér mikilvægari og mikilvægari eftir því sem ég eldist og hef ég tekið upp á því að ganga á fjöll við sem flest tækifæri. Enda er það fátt sem er skemmtilegra en að hugsa um félagsfræði á fjalli, nema þá kannski að ræða hana og önnur málefni við góðan ferðafélag.



Frá árunum í Bloomington

Ný verslun í kjallara kaupmannshússins

Otto Veitingahús & Verslun er lítið fjölskyldufyrirtæki stofnað vorið 2018 af Auði Mikaelisdóttur framreiðslumeistara og Andrésí Bragasynti matreiðslumeistara. Frá upphafi hefur starfsemi Otto verið ætluð heimamönnum fyrst og fremst. Handverkið er í hávegum haft og allt er lagað frá grunni. Öll soð, sósur, marineringar, allur bakstur og öll matreiðsla er unnin frá grunni. Það er okkar sérstaða. Við höfum bakað súrdeigsbrauð og kanilsnúða, boðið uppá námssamninga í bæði matreiðslu og framreiðslu og getað skapað nokkur stöðugildí fyrir Hornfirðinga. Veitingahúsið er starfrækt í elsta íbúðarhúsinu á Höfn sem á sér ríka sögu og skipar sérstakan sess í hjörtum heimamanna. Mikil gróska hefur verið í veitingaflóru Hornafjarðar og öflugri ferðaþjónustu enda fjöldi ferðamanna gifurlegur. Þannig hefur þrífist fjöldi veitingastaða á svæðinu. Í kjölfar heimsfaraldurs neyddumst við til þess að leggja niður hefðbundna starfsemi og reyna að finna okkur nýjan farveg í gjörbreyttu umhverfi. Veitingastarfsemin felst nú í pop um viðburðum um helgar þar sem við bjóðum heimamönnum í heimsreiðu innanhúss með nýjum áfangastöðum vikulega. Við höfum því ferðast saman með okkar góðu gestum um veröldina þvera og endilanga og smakkað allskonar góðgæti frá öllum heimshornum. Á tímum samkomutakmarkana er Otto líka heppilegur fyrir litla hópa sem tilheyra sömu jólakúlu, vinnustað eða öðru sameiginlegu mengi. Hornfirðingar eru raunagóðir og hvetjandi



og þeir standa með stöðunum sínum. Líklega hafa heimamenn aldrei verið jafn duglegir að borða úti og sækja sér mat til að taka heim! Við erum einnig að bjóða upp á nýjung á Höfn sem er ítalski heimapakkinn þar sem fólk sækir matarpakka sem inniheldur hálfþilbúin rétt sem aðeins þarf að hita upp heima, nýbakað brauð úr steinofninum og eftirréttur.

Verslun í kjallaranum

Hugmyndin að baki verslun í kjallara kaupmannshússins kviknaði í kjölfar covid. Íslendingar eyða nú mestum tíma sínum inni á heimilunum og flestir vilja prýða umhverfi sitt og skapa gæðastundir með fjölskyldunni. Kjallari hússins hafði ekki nýst okkur svo mánuðum skipti en ýmis tilraunastarfsemi hefur farið fram þar. Í aðdraganda adventunnar skynjuðum við í raun einnig að fólk veigrar sér við að ferðast milli landshluta. Netverslun er auðvitað gríðarleg en það felast einnig lífsgæði í því að geta rólt í búðir, skoðað og handleikið hlutina og auðvitað verslað í sinni heimabyggð.

Við erum einnig að tengja saman veitingahúsið og verslunina og bjóðum upp á veglegan jólapakka, fullan af kræsingum sem felast í afurðum úr heimabyggð og sælkeravörum úr verslun. Tilvalin jólagjöf fyrir þá sem eiga allt, vini, starfsmenn,

fjölskyldur og alla þá sem elska góðan mat, nær og fjær. Frá og með næstu helgi ætlum við svo að hafa sannkallaða jólagleði í húsinu þar sem opið verður í bæði verslun og á veitingahúsi til kl.22 öll kvöld til jóla og allir velkomnir að fá sér ljúffengan bita og kíkja í búðina til að draga inn jólastemningu. Veitingarnar verða með hátíðlegum blæ og innblásnar af dönskum jólasíð. Julefrukost laugardag og sunnudag frá kl.12-22 og svo Julebord mánudag, þriðjudag og á Þorláksmessu frá kl.17-22. Smörrebröd, ostar, jólabjör, ákavíti, jólatré, jólalög og fullt af fallegum varningi í verslun. Þar er mikið úrval af heimilspriði ss púðar, kertastjakar, teppi, bakkar, gjafapappír, ilmkerfi, bað- og snyrtivörur, hillur, speglar, sælkeradeildin og margt fleira fallegt. Gjafabréfin okkar gilda þannig bæði í verslun og á veitingahúsi og þau renna ekki út. Við leggjum ríka áherslu á gæði, upplifun og góða þjónustu. Þannig standa vonir okkar til þess að lítil verslun með heimilspriði, sælkeravörum og lekkeri geti sent fallega hluti og hamingju inná heimili Hornfirðinga jafnt á jólum sem og öllum öðrum tímum og veitingahúsið haldi áfram að þjóna matgæðingum. Við þökkum Hornfirðingum og öllum öðrum gestum fyrir að fylgja okkur fyrsta spölinn og hlökkum til næstu skrefa saman.

Gleðilega hátíð!



JÓLAHELGIHALD
VEGNA SAMKOMUTAKMARKANNA
OG SÓTTVARNAREGLNA FELLUR
ALLT HEFÐBUNDIÐ HELGIHALD
NIÐUR UM JÓLIN

Rafrænt helgiöld

× 24. desember: Aftansöngur frá
Hafnarkirkju kl. 18:00

× 31. desember: Helgistund frá
Hafnarkirkju kl. 17:00

Mínum á dásamlega
adventustund á netinu

Fylgstu með

Instagram icon

YouTube icon

Kæru ættingar og vinir. Sendum okkar bestu jóla- og nýársósókir með þökk fyrir árið sem er að líða.

Hátíðarkveðjur
Sigurður og Jóhanna, StóruLág

Bestu jóla- og nýársósókir til frændfólks og vina. Þökkum allar góðar liðnar stundir.

Hátíðarkveðjur
Dísa og Gísli í Ártúni





Óskum Hornfirðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Vélsmiðjan Foss ehf



Óskum Hornfirðingum gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári

AMPHIBIAN BOAT TOURS ZODIAC TOURS

GLACIER LAGOON


25 YEARS OF EXPERIENCE



Nýheimar þekkingarsetur
 óskar Hornfirðingum til sjávar og sveita gleðilegra jóla með von um farsælt komandi ár og þakkir fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

Kæru ættingjar og vinir
 Mínar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er að líða.

Vigdís Vigfúsdóttir




Við óskum viðskiptavinum okkar og Hornfirðingum öllum

Gleðilegra Jóna

og farsældar á komandi ári.

H
HÓTEL HÖFN

Jólakvefja
ÓSINN
RESTAURANT-PIZZERIA

Óskum öllum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári! Megi komandi ár færa gleði og gæfu.




Inga og Step



Bjartar vonir og vonbrigði

“Guð gefi að ef þetta skip skyldi nú stranda, að það strandi hér,

Haft er fyrir satt að þetta hafi dottið hugsunarlaust upp úr konu nokkurri sem bjó í Öræfasveit á síðustu öld.

Var hún þá að horfa á skip sigla skammt undan ströndinni. Oft rættist þessi spá því að ströndin við Suðausturlandið er viðsjál og víða miklar grynningar skammt frá fengsælum fiskimiðum. Til eru um það heimildir að á versta stað hafi skolið á óveður og skip hrakið af leið. Mörg þessara skipa voru hlaðin dýrmætum varningi og var það fengur fyrir Öræfinga sem liðu vöruskort öldum saman. Fjöldamörg skip hefur borið upp á fjörur Suðurlands, nú eru flest þeirra horfin í sandinn og sjást þeirra engin merki. En rétt fyrir ofan sandrifið við Kvía í Öræfum sést ennþá flak botnvörpungsins Clyne Castle, stendur stefnið upp úr sandinum og snýr að jökli.



Jóhann Hansson



Valdór Bóasson

Clyne Castle

Botnvörpungurinn Clyne Castle frá Grimsby, strandaði þann 17.apríl 1919 á Bakkafjöru, framundan bænum Kvískerjum í Öræfum. Kvísker er austasti bærin í Öræfum, vestan Breiðamerkursands. Clyne Castle strandaði á háflóði, þegar fjarði undan trollaranum gátu skipbrotsmennirnir 13, því gengið þurrum fótum á land eftir sandrifi.

Í bókaflokknum **Prautgóðir á raunastund** fyrir árið 1919 er sagt frá þessu strandi og er þess þar getið að Öræfingar hafi komið á vettvang og verið tilbúnir að aðstoða mennina sem voru fluttir til bæja. Þegar sýnt var að togaranum yrði ekki bjargað voru skipbrotsmennirnir fyrst fluttir til Hornafjarðar, síðan sjóleiðis til Seyðisfjarðar en þaðan hélt hver til sins heima. Skipstjóri Clyne Castle mun hafa talið vonlaust að bjarga skipinu. Í Morgunblaðinu þann 09.09.1919 er sagt frá þessu strandi og þar kemur fram að reynt var að bjarga togaranum eins og þar segir

“Tilraun var gerð, af björgunarskipinu Geir að ná hinu strandaða skipi út en heppnaðist eigi.,9

Ari Hálfánarson frá Efra-Bæ á Fagurhólsmýri hélt dagbók í tengslum við veðurathugastöð á Ingólfshöfða og minnst á strandið í dagbók sinni og getur einnig um tilraunir björgunarskipsins Geirs við að koma “trollaranum,, á flot. Í dagbókinni kemur einnig fram að Hinrik læknir hafi skoðað skipbrotsmennina 21.apríl og að öllum líkindum úrskurðað þá ferðafæra því í framhaldi af því skráir Ari að þeir hafi verið fluttir austur en ekki allir í einu “25.apríl, 7 strandmenn fluttir austur,, og aftur skrifar hann þann “2.mái, 6 strandmenn fluttir austur á Höfn frá Kvískerjum,, 10 Þann 5.mái minnst Ari á í dagbók sinni að Jóhann Hansson hafi komið á strandstað, Jóhanni virðist hafa litist svo á aðstæður og einnig á Clyne Castle að þetta verk væri þess vert að takast á við og

hefur séð í þessu verkefni hagnaðarvon.

Í framhaldi af þessari ferð, kaupa þeir Jóhann Hansson, sem rak vélsmiðju á Seyðisfirði og Valdór Bóasson, kaupmaður og útgerðarmaður frá Hróuteyri við Reyðarfjörð, trollarann á strandstað og töldu þeir sig þar eiga auðvelt verk fyrir höndum við að koma honum á flot.

Mennirnir sem létu verkin tala

Jóhann var kunnur vélsmiðameistari á sinni tíð og stofnaði árið 1906 vélsmiðju á Seyðisfirði. Jóhann smíðaði margar vatnstúrbínur fyrir rafstöðvar og einnig byggði hann dráttarbraut fyrir allt að 100 smálesta skip. Hann fæddist á Djúpavogi þ.21. maí 1884 – 1.14. ágúst 1956, sonur þeirra hjóna, Hans Lúðvíkssonar á Djúpavogi og Þórunnar Jónsdóttur frá Hærुकollsnesi í Álftafirði.


Valdór Bóasson fæddist 26.06.1885-1.22.04.1927, að Borgargerði í Reyðarfirði

og var einn af hinum fjölmörgu systkinum frá Stuðlum sem komu talsvert við sögu útgerðar og atvinnumála við Reyðarfjörð.

Valdór var fjórði elstur af 11 systkinum, sonur þeirra hjóna Sigurbjargar Halldórsdóttur (fædd 6.apríl 1856 – 1. 1.júní 1949) frá Grenjaðarstað í S-Þingeyjarsýslu og Bóasar Bóassonar, (fæddur 17.ágúst 1885– 1. 21.júlí 1915) frá Stuðlum við Reyðarfjörð.

Vogun vinnur vogun tapar

Nú hófst ævintýri sem byrjaði strax við kaup á skipinu en lauk ekki fyrr en í ágústlok árið 1923. Valdór og Jóhann munu fljótlega hafa hafist handa við það verk að koma trollaranum á flot. Eitthvað var unnið að undirbúningi strax það sumar en þá tóku örlögin í taumana svo um munaði. Valdór Bóasson var þarna með nýkeyptan bát sinn, Jenný, á strandstað til að flytja menn og ýmislegt sem til þurfti við björgunina og meðal annarra sem störfuðu við björgunina var Gissur Filippusson, f. 31.júlí 1883, vélsmiður úr Reykjavík sem átti



Clyne Castle árið 1923



Bátur Valdórs, Jenný SU-327

eftir að koma talsvert við sögu. Gissur var frá Kálfafellskoti í Vestur-Skaftafellssýslu en flutti ungur með foreldrum í Brúnavík í Norður-Múlasýslu. Gissur mun talsvert hafa fengist við að bjarga verðmætum úr strönduðum skipum, eins og kemur fram í þessari tilvitnun

“Þann 25. september 1918 gerir hann samning við Örfæinga um björgun úr strandaða skipinu Friðriki Albert. Prem dögum síðar er hann kominn að Teigingalæk í Fljótshverfi, þar sem hann gerir samning um togarann Marconi, sem strandaður var á Hofsnestföru.,1

Björgunarmennirnir dvöldu um borð í Clyne Castle og virðist vistin þar hafa verið þægileg enda var ekki vanþörf á, því mikið var unnið og vinnudagar langir og strangir. Í bréfi sem

Gissur ritaði konu sinni þann 06.júlí 1919 segir m.a.

“...Nú erum við búnir að vera um borð í togaranum í 12 daga og líður okkur ágætlega. Við sofum í hásetaklefanum en borðum í káetunni og höfum það stórfint. Okkur er fært allt sem við þurfum um borð, mjólk, smjör, skyr, kjet, kartöflur og yfirleitt allt sem við þurfum.,1

Seinna í sama bréfi lýsir Gissur vinnunni við að grafa frá skipinu og öðrum undirbúningi,

“.. Ekki get ég sagt þér hvernig muni ganga að ná skipinu út. Það er alveg upp á kampi. Nú erum við búnir að grafa í 4 daga og erum komnir 10 fet niður í sandinn með annarri hliðinni en þurfum að grafa 14

fet og geri ég ráð fyrir því að það verði eins erfitt að grafa þessi 4ur fet sem eftir eru eins og þau 10 sem búnin eru og er það vegna vatns sem fleytir sandinum að. Við notum trolspilið til að moka svo erfiðið er ekki mikið hjá okkur. Við erum allir vongóðir að okkur takist að ná skipinu út. Skipið er stórt og vandað og því mikils virði ef það næst.,1

Eins og getið er um í bréfi Gissurar til konu sinnar saknaði hann fjölskyldunnar og fór því að huga að heimferð. Til þeirrar farar fékk hann Valdór til að lána sér bát hans Jenný með áhöfn og var meiningin að Jenný sigldi með hann vestur á Síðufjörur en Valdór var sjálfur ekki með í þeirri ferð.

Nokkrar skráðar heimildir eru um það sem síðan fór í hönd og ber þeim heimildum ekki saman og hefur ekki tekist enn sem komið er að fá áreiðanlegar sannanir hvað er rétt í þeim.

Ferð Jennýjar með Gissur upp á Síðufjörur

Þegar Jenný var komin að Síðufjörum var nokkur brimsúgur við landið og töldu bátverjar hið mesta óráð að lenda við þær aðstæður. Var það því ákveðið að Gissur tæki lítinn árabát (jullu) sem dreginn hafði verið með Jenný og færi einn á honum í land. Þær lyktir urðu á þeirri ferð að Gissur náði landi heill á húfi og komst til byggða og hélt þaðan til Reykjavíkur í faðm fjölskyldu sinnar.

framhald á næstu síðu...

Gleðilega hátíð

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000





Jenny hélt að þessu loknu áleiðis austur með ströndinni að strandstað Clyne Castle en sú sjóferð tók þá óvanta stefnu, veður versnaði og útlit varð ekki gott fyrir bát af þessari stærð. Endalokin urðu sú að á leið þeirra varð breskur togari sem tók þá um borð en sögum ber ekki saman um ástæður þess að þeir fóru um borð. Ein útgáfan er sú að þeir hafi verið neyddir um borð í togarann og ekki átt annarra kosta vól en að fara með. Jóhann Valdórsson, (f.20.febr.1920-1.25.10.2000), bóndi á Þrándarstöðum í Eidiþinghá, yngsti sonur Valdórs sagðist hafa heyrt þá útgáfu og hafði það eftir föður sínum að þeim hafi ekki verið nein hættu búin. Sönnunarkerki um að frásögn Jóhanns sé rétta útgáfan var sú að þegar Jenny fannst, reyndist hún nær óskemmd með öllu eftir að hafa strandað á Fossfjörum. Hin útgáfan er sú að togarinn hafi siglt fram á bátinn í vonskuveðri og Jenny verið við það að sökva eða skipstjóranum hafi ekki litist á að þessir menn kæmust óhultir á Jenny til lands í sortanum og tekið þá um borð.

En öllum skráðum heimildum og munnmælum ber saman um að með togaranum fóru þeir til Englands og ekkert heyrðist frá þeim fyrr en eftir einhvern tíma og voru þeir þá löngu taldir af. Valdóri hafði orðið það á að gleyma að tryggja bát sinn Jenny og skipshöfnina og var því skiljanlega í öngum sínum. Fékk hann því ekki neinar bætur greiddar frá tryggingunum og var skaðinn alfarið hans og ekki bætandi. Valdór var því illa staddur án Jennýjar sem var atvinnutæki hans og aflaði honum lífsviðurværis fyrir hans stóru fjölskyldu.

Óþrjótandi bjartsýni og áræðni

Víkur nú aftur að björgunaraðgerðum á Clyne Castle, hinum strandaða breska togara á Bakkaþjóru sem fól í sér von um mikil verðmæti við sölu ef að vel tækist.

Þeir Jóhann og Valdór munu all lengi hafa haldið í þá von að ná togaranum á flot. Hér var til mikils að vinna því víst var hann freistandi, togarinn, þar sem hann stóð á sandinum heill og óskemmdur og hefði

skapað mikið verðmæti ef hann hefði náðst á flot. Hér voru miklir dugandismenn á ferð, Valdór með óþrjótandi bjartsýni og áræðni en Jóhann með sína miklu þekkingu frá rekstri dráttarbrauta.

Í bréfi sem er varðveitt í Skjala-og myndasafni Norðfjarðar dags. 22.des.1922, frá Valdóri til Sigfúsar Sveinssonar kaupmanns minnst Valdór á togarann og er langt því frá að telja þetta verk óframkvæmanlegt

“Jeg hef ætíð sagt að við næðum út trollaranum og mjer finnst jeg hafi fullt leyfi til að segja að það leit svartara út með að við næðum út mótórbátnum mínum sem lenti upp á sandana. En það kom fram við náðum út bátnum, og eins náum við trollaranum út,5

Í janúar árið 1921 er áður nefndur Gissur Filippusson að búast til farar á ný suður á Breiðamerkursanda til að vinna við björgun togarans. Hann hafði flutt austur á Seyðisfjörð og hafði vinnu í vélsmiðju Jóhanns Hanssonar. Aðalstarf hans virðist hafa verið að undirbúa björgunina en hann hafði samið við þá Valdór og Jóhann um að fá í sinn hlut sjötta hlut í hagnaðinum. En þennan dag hverfur Gissur á leiðinni frá Vélsmiðjunni yfir á Vestdalseyri þar sem biðu hans ófrísk kona og ungur sonur.

Bátur hans fannst laskaður í fjörunni daginn eftir, en ekki er vitað með vissu hver urðu örlög Gissurar, en talið er líklegt að hann hafi lent í slysi í fjörunni eða á leiðinni yfir fjörðinn. Lík hans fannst aldrei og voru á kreiki allskyns sögur um hvarf hans, jafnvel talið að hann hafi látið sig hverfa til útlanda. Ekki er ólíklegt að þetta slys ofan á allt annað hafi einhvern þátt átt í því að lítið var unnið við trollarann þetta ár en samt mun eitthvað hafa verið gert.

Þeir félagar munu eitthvað hafa undirbúið björgunina á hverju ári frá því að togarinn strandaði, nema árið 1922 samkv. heimildum frá Sigurði Björnssyni á Kvískerjum. Að sögn Sigurðar mun ekkert hafa verið unnið við skipið það ár og er ef til vill orsökinn sú að Valdór hafði ekki tók á því vegna fjárhagsferfiðleika eftir strand Jennýjar.

Lokaatrennan með innilegri sannfæringu

Þann 23 maí árið 1923 er svo byrjað að vinna lokaundirbúninginn við að koma hinum strandaða “trollara., á flot. Samkvæmt dagbók Þorsteins Guðmundssonar frá Reykjavöllum í Óræfum var nú allt sett á fullt. Þorsteinn heldur dagbók allan þann tíma sem verkið stendur yfir frá lok maí þar til upp úr miðjum ágúst.

Hann byrjar dagbókina þann 23.maí á hálfildis heitstrengingu

“Byrja að vinna við skipið Clyne Castle með þeirri innilegu sannfæringu að þetta verk, sem sagt að koma skipinu á flot aftur muni takast þrátt fyrir það þó raddir hafi heyrst í þá átt að öll fyrirhöfn því viðvíkjandi verði árangurlaus.

Í öðru lagi óska ég af öllu hjarta að verkið heppnist og að hluteigandi komist menn megi halda verkinu til sigurs. Í öðru lagi lofa ég að vinna svo trúlega og samviskulega sem mér er framast unnt, lofa að sína í verki að í huga og trú eru ríkjandi í orði og athöfn.

Lofa að skiljast ekki við þetta málefni og verkefni fyrr en það er komið í viðunanlegt horf, sem sagt sigurinn unnið, verkið fullkomnað,8

Þorsteinn hefur fulla trú á því að þetta mikla verk takist og vill leggja sig allan fram til að það takist og svo virðist hafa verið með alla þá sem komu að þessu björgunarstarfi.

Víkur nú sögunni að björgunarstarfinu sjálfu, gekk það upp og ofan, suma daga miðaði verkinu vel en svo komu dagar þar sem allt fór forgörðum. Eins og föstudaginn 8. júní,

“austan stormur og rigning og sjógangur, eyðilaggt heilt dagsverk fyrir okkur,8

Trollarinn fer sjálfur af stað og svo er reynt að mjaka honum áfram og gengur það misvel, Þorsteinn heldur nákvæma dagbók yfir árangurinn,

“hann gengur upp um 20 fet á 3 klukkutímum, Trollarinn gekk 2 fet,.... Trollarinn gekk 12 fet,.... gekk 12 fet, ..ekið skipinu 10 fet,8

Svona gengur þetta dag eftir dag. En allir verða að slaka á og taka sér frí inn á milli, svo björgunarmennirnir taka sér frí á þjóhátíðardaginn sem ber auk þess upp á sunnudag. Þeir nota daginn til að gera ýmislegt sér til gamans, En eftir skemmtunina tekur alvaran við, vinnan byrjar aftur, veðrið versnar, stormur og sjógangur gera það að verkum að öll vinna síðustu viku rennur út í sandinn í orðsins fyllstu merkingu.

“18. júní, mánudagur, þoka og sullaregn framman af degi og sveif upp af vestri með storm og sandroki og sjógang, algjört verkfall, eyðilaggt viku verk. Keyrt um 4 fet, 8

En inn á milli koma dagar þar sem allt virðist



Til vinstri sést flakið árið 2005 og til hægri árið 1930

ganga að óskum, sólin fer að skína, það lygnir og þá birtir yfir öllum og bjartsýnin tekur völdin á ný.

“23. júní, laugardagur, sólskin, hægur vestanvindur, keyrt allan daginn, fram á nótt til kl. 2. Trollarinn byrjaði 2 lengdir sínar í dag, gangur 25 fet. Helgi fór heim og Benjamín með honum,, 8

Sigurður á Kvískerjum man eftir því að björgunarmennirnir hafi höggvið tré uppi í Kvískerjalandi og með því stíflað Kvíána og myndað lón fyrir trollarann.

Aftur og aftur gera máttarvöldin margra klukkutímaverk að engu og eins og sjá má í dagbókarfærslu fyrir þann 14. júlí.

“stórflóð og stórstraumur, braut niður búkka undir Dúnkraft um nóttina og eyðilagði dagsverk,, 8

Þröngt er orðið í búi bæði um borð í togaranum og einnig í sveitinni, allur sykur, mjöl og hveiti er uppurið og allir bíða eftir mótorbátnum Skaftfellingi sem færir björg í bú.

Björn bóndi í Kvískerjum færir björgunarmönnum birgðir af því sem vantar. Nú er komið svo að álitu björgunarmanna, að aðgerðir séu það langt komnar, að það fari að stytast í “trollarinn,, verði settur á flot. Sent er eftir mönnum um alla sveit til hjálpar. En veðurguðirnir halda áfram að setja strik í reikninginn dag eftir dag og breyta dæminu.

“19. júlí, fimmtudagur, sofið til kl. 9, regn og

skúrir. Komu tveir menn til okkar í vinnu, byrjað kl. 10, höfðum 10 aðkomumenn, hreinsaður sandur frá, sliskja byrjuð að keyra, hljóp hart á stað, slitnaði 2-var vir komst Trollarinn 25 fet, stoppaði algjör. hætt kl. 6 e.m. fóru menn heim til sín, gerði stórsjó og braut upp sandkassa, hélt vöku fyrir fólki við að bjarga trjám, ruggaði mikið til klukkan 11 þá að sofa.

“20. júlí, föstudagur, suðvestan rok og brim, ekkert unnið. Valdór fór út í sveit í liðsbón. Ég og Benjamín fórum í skemmtigöngu uppá Kvíárjökul. Eg stóð vakt um nóttina,, 8

Og nú er svo komið að dagsetning fyrir úrslita atlöguna er ákveðinn.

Forsjónin lofuð

Ekki fór þó sem skyldi því um nóttina skall á austan stormur og hætt var við atlöguna, mennirnir sendir heim og beðið eftir öðru færi. Björgunaraðgerðir höfðu nú staðið yfir í rúma tvo mánuði og má vænta þess að það hafi verið farið að gæta að óþolinmæði í liðinu. Eins má ætla að það hafi ekki verið átakalaust að eyða tímanum við þessa kostnaðarsömu aðgerð og sjá ekki árangur erfiðisins, fjárhagurinn verið farinn að versna og engar tekjur að hafa á meðan unnið er við Clyne Castle. Alltaf er reynt að halda í bjartsýni og treyst á árangur allrar þessara miklu vinnu. Trúað er því að nú sé forsjónin þessum aðgerðum hliðholl og næst takist

björgunaraðgerðin. Komið er fram í ágúst og allir eru sammála að heppnin hafi verið þeim hliðholl síðustu viku. Nú er annaðhvort að hrökkva eða stökkva. Þorsteinn og allir björgunarmennirnir eru á því að næsta tilraun fari betur og nú takist að koma Clyne Castle á sjó út. Aftur er safnað saman liði til björgunaraðgerða, menn og hestar, fengnir úr sveitinni og næsta nágrenni, nú skal tjaldað því sem tiltækt er.

Nú virðist forsjónin hafa öðrum verkefnum að sinna og vera búin að yfirgefa staðinn, því að það eykur brimið og skipinu hallar. Björgunarmennirnir fara á fætur um nóttina til að vinna við að halda í horfinu og tekst það að lokum. Einn sunnudaginn fer útlitið versnandi þegar liða fer á daginn og það skall á með stormi og brimi og máttu menn þakka fyrir að komast um borð í “trollarann,,

“5. ágúst sunnudagur, regn fór vaxandi er leið á dag með stormi og brimi í sjó. Fórum á stað aftur heim kl 3 e.m. Fórum mjög hratt því útlit var hið versta, náðum Clyne Castle kl.8 sluppum með naumindum um borð, skipið flaut í löðrinu, réðum ekki við að halda í horfi fyrir stormi og brimi, stóðum uppi alla nóttina, slitnuðu tó og vírar og skipið lagðist á hlið flatt að sundi, braut botninn eitthvað svo leki kom að skipinu, óvíst hvað skemmdir urðu miklar,, 8

Næsta dag er ekkert hægt að hafast að fyrir brimi og skipið rak lengra upp á sandinn, togvívar sem héldu skipinu slitnuðu og framhald á næstu síðu...

Gleðileg jól til þín sem er annt um náttúruna



Holluinir Hornafjarðar

sjór gekk yfir skipið og inn í káetugólf og vélarúmið. Veður lægir daginn eftir og byrjað er að pumpa sjó úr skipinu og gengur það vel þann dag. Þá er ákveðið að fá björgunarskipið "Þór", til að toga Clyne Castle út og fer Jóhann austur að Hólum til að síma eftir Þór. Æðri máttarvöldin sem Valdór trúði á og batt alla von sína við, gripu fram fyrir hendurnar á þreyttum og slæptum björgunarmönnum. Aftur skall brim á skipinu og skemmdir ágerðust og ekki hafðist við að dæla. Sendir eru menn með þau skilaboð til Þórs að biða átekta og nokkrir mannanna vinna áfram um borð en sumir taka sér helgarfrí. Þegar þeir koma til baka er búið að rétta Clyne Castle, stoppa leka og hita upp vélina. Þú er komið að örlagastundinni en það virðist nú vera ákveðið að leggja nú allt í sölurnar til að koma "trollaranum", út og til hjálpar var kallaður björgunarskipið Þór til að toga í Clyne Castle. En ekki fór allt sem skyldi. Þorsteinn skrifar allt samvissusamlega niður í dagbók sína.

"13. ágúst, mánudagur, suddi og regn, Skarphéðinn kom með símskeyti frá Björgunarskipinu Þór um að það væri á leið til okkar. Kom Björgunarskipið Þór kl. 8 f.m. sjór var úfínn, rerum um borð, fengum 2 uppslætti, höfðum út í þriðja sinn, fengum 2 brot, fylltum bátinn af sjó, stóðum við í Þór 2 kl.tíma, slörkuðum í land aftur með streng til að draga á vír frá Þór til að festa í Clyne Castle, fengum 2 brot á bátinn, rétt hvolft. Björgunarskipið byrjaði að toga kl. 3 e.m. en þá á flóði. Við spiluðum á okkar vír og höfðum vél í gangi, drógum vestur lónið um 1 ½ lengd á mótis við sundið í rifinu, skipið rétt fyrir, útlit fyrir hið besta en ekki meira að gera á þessu flóði, hætt.,8

Ekki skyldi gefist upp baráttulaust og enn var togað og togað, því eftir tveggja mánaða vinnu skyldi reynt til fullnustu að koma "trollaranum", á flot. En eigi skyldi lofa dag fyrr en að kvöldi og reyndist það svo sannarlega rættast í þessu tilfelli.

"14. ágúst, þriðjudagur, sólskin, vestan vindur, ófer sjór sandinn, byrjað að toga kl. 3 f.m. á flóði. Clyne Castle hafði vél í gangi og rótaði skrifan sandi frá skipinu, Þór hafði einnig fullan kraft á vél og vírum, Clyne Castle gekk út ½ lengd sína þegar það óhapp vildi til að anker og keðja fór í skrifuna og stöðvaði gang svo ekki var meira að gert, skipið varð hliðflatt og rak undan öldunni, varð að hætta. Byrjað aftur að toga kl. 4 e.m. færðar festar úr afturenda í framenda enda þetta gert í samráði við skipstjórnann á Þór, síðasta tilraun er reyndist með öllu árangurslaus. Björgunarskipið Þór sleit sinn vír eftir að hafa togað í 4 klst. Kvaddi og fór kl. 9 um kvöldið.,8

Góðir drengir,uppgjöf og heimferð

Nú var öllum orðin ljós hin kaldhæðnislega staðreynd að Clyne Castle yrði um aldur og eilífð þarna á sandinum og yrði ekki hreyfður þaðan sem hann var.

Gerðu björgunarmennirnir sér fyllilega grein fyrir þessari staðreynd og nú var ákveðið að gera sér fé úr því sem verðmætt var í skipinu, rífa innan úr skipinu allt sem nothæft var og var Þorsteinn fenginn til þess verks. Hann tók þó ekki að sér þetta niðurrifsverkefni með glöðu geði. Því lýsir hann í lokakafla dagbókar sinnar frá hinum viðburðaríku dögum um borð í Clyne Castle.

"15. ágúst, miðvikudagur, það var öllum ljóst orðið að skipið yrði ekki tekið út og var byrjað að skipa upp dóti og keyra upp á sand og ganga frá því yfir veturinn þar sem því yrði óhætt fyrir sjógangi. Var verið að því fram á föstudaginn þ. 16. Þá var farið út í sveit að smala hestum til austurferðar, fóru þeir Jóhann og Benjamín til þess og er gert ráð fyrir gert að leggja á stað á föstudaginn austur á Höfn.,8

En fyrst þurfti að huga að heimferð fyrir þá sem lengra áttu að og fylgdi Þorsteinn þeim Jóhanni og Valdóri austur að Höfn ásamt hinum. Þorsteinn virðist hafa kunnað mjög vel við samvistir við þessa menn og var honum óljúft að verða einn eftir á sandinum. Honum segist svo í dagbók sinni.

"Ég er kjörinn til að fylgja þeim austur sem er einkar ljúft því ég hefði viljað gera allt sem í mínu valdi hefur staðið til að verða þeim að líði, því hér hefi ég fyrir hitt svo góða drengi að leit er á öðrum eins.,8

En Þorsteinn er þakklátur yfir því að hafa kynnst þessum góðu drengjum og telur sig hafa gert allt sem var á hans valdi að verkið tækist en ekki verður við allt ráðið. En sumarið 1923 verður honum ógleymanlegt og fast í huga um aldur og ævi. Hann kvíðir fyrir komandi verkefni en er ekki einn því til samstarfs við sig hefur hann valið Helga Arason frá Efra-bæ í Fagurhólsmýri. Þeir munu njóta til helminga á við eigendur þess sem verðmætt reyndist og hefur það eflaust verið smá sárabót þótt það væri ekki nema brot af því mikla verðmæti sem búið var við ef verkið hefði tekist..

"Ég hef tekið að mér að rífa innan úr skipinu allt fémætt, trjáverk, járn, stál, kopar o.fl.og bjarga því og ganga frá því undir veturinn. Helgi á Fagurhólsmýri verður með mér og fáum við helming af öllu tré og svo járn og annað eftir vild. Ég ber hálfgerðan kvíðboga fyrir þessu hugaða verki því mig langar svo að losna sem fyrst úr því að svona illa tókst til með skipið. Ég hef bæði góðar og vondar minningar hédan. En aldrei get ég gleymt sumrinu 1923 á Clyne Castle.,8

Og heim skal haldið og hefur eflaust hugur þeirra Valdórs og Jóhanns verið við allt það erfiði sem er að baki til þess eins að eyða kröftum, fjármunum og tíma. En enginn veit sína ævi fyrr en öll er og ekki er vafi um að allir þeir sem komu að verkinu lögðu sig



Menn komnir til að rífa innan úr togaranum árið 1923

heilshugar fram við að þetta erfiða verkefni tækist, en Guð og forsjónin voru ekki í líði með þeim í þetta sinn þrátt fyrir alla von og bænir.










Ferðin austur á Hornafjörð gekk eins vel og búið var við, gist var á Hala í Suðursveit og heima hjá Skarphéðni Gíslasyni á Vagnsstöðum. Bendir það til þess að hann hafi verið einn af þeim sem unnu við hið strandaða skip. Þorsteinn hefur hér skrifað lokaorðin í dagbók sína og skulum við eftirláta honum orðið.

"19. ágúst sunnudagur, sólskin og logn, dvöldum á Höfn fram eftir degi að biða eftir Esju sem kom kl 5 síðdegis. Þá skildi með okkur félögum á bryggjunni og voru allir hattar og húfur á lofti svo lengi sem ég sá til þeirra. Nú sit ég upp á hól (uppá Þórhallstindi) og skrifa þennan síðasta kafla í þessa sögu eða hvað má kalla það enda er ég í þungum þönkum eins oft á sér stað á skilnaðarstund, því ég hefði helst óskað geta farið austur eða eitthvað annað því mér er óljúft að vitja aftur á þessar ömurlegu slóðir sem hafa verið okkur hættur og hugangur.,8

Ólafía Herborg Jóhannsdóttir tók saman og skrifaði þessa grein um þessa áhugaverðu sögu um strandið á Clyne Castle og mennina sem freistuðu gæfunnar við að koma skipinu aftur á flot. Hún er sonardóttir Valdórs Bóassonar.

„Faðir minn Jóhann Valdórsson var einungis líðlega sjö ára gamall þegar faðir hans deyr svo að hann mundi hann ekki svo gjörla. Hann sagði mér að sér hefði verið sagt frá því, að dauða föður síns hefði borið að með þeim hætti að Valdór hefði rispað sig á hendinni á ryðguðum nagla og fengið blóðeitrun og dáíð eftir stutta legu. Aðrar heimildir herma að hann hafi aldrei náð sér eftir að hafa lagt sig allan fram og alla sína fjármuni við að freista örlaganna, við að berjast við æðri máttarvöldin og tapað í þeirri baráttu.

Föðuramma mín Herborg dvaldi inn á heimili foreldra minna fram á andlátid þann 22. ágúst 1964. Hún talaði oft um Valdór afa minn og hans mörgu tilraunir til að verða ríkur og endalaus baráttu við það. Sé ég nú mikið eftir því að hafa ekki skráð niður betri heimildir og hlustað betur á frásagnir hennar.“



Gleðilega hátíð

Frá flugvöllum og starfsstöðvum um land allt óskar starfsfólk Isavia þér gleðilegra jóla og farsældar á ferðalögum komandi árs.



ISAVIA

Ferðabjónustan okkar á Covid árinu 2020

Komið þið öll sæl og megið þið njóta aðventunnar árið 2020. Okkur langar að færa í rit hugrenningar okkar um þetta ár 2020 og skrifa um hvernig þetta ár, ár covid hefur litið út fyrir okkur Önnu Maríu og okkar fyrirtæki South East ehf / South East Iceland. En áður en við komum að því langar okkur að segja aðeins frá uppruna okkar. Anna María er fædd í Reykjavík 1972 og flutti fyrst til Hornafjarðar með foreldrum sínum og systkinum sem barn tímabundið og gekk hér í barnaskóla, hún kom svo hér í vertíðarvinnu í humarvinnslu frá 14 ára aldri og var þá hjá Einari bróður sínum, sem ákvað að verða hér eftir á Höfn þegar fjölskyldan flutti til Reykjavíkur. Anna María fór svo alltaf til Reykjavíkur á haustin þangað til hún var kyrrsett hér fyrir um 30 árum síðan. Ég er fæddur í Keflavík árið 1972 og bjó þar til þriggja ára aldurs en þá flutti fjölskyldan hingað til Hafnar og hefur búið hér síðan, en pabbi var Hornfirðingur en mamma er Ísfirðingur/Keflvíkingur en rætur og hjarta hennar eru frá Ísafirði.

Heimsfaraldurinn

En aftur að Covid árinu og stöðu okkar ferðabjónustu í covidinu. Covid krísan byrjar hjá okkar fyrirtæki í lok janúar þessa árs 2020 því þá taka kínversk yfirvöld ákvörðun um að loka fyrir hópaferðir frá Kína. Á þessum tíma, lok janúar til miðs febrúar, þá er mest um gesti frá Kína í heimsóknum til okkar fyrirtækis, þetta er um kínversku áramótin og Kínverjar ferðast mikið á þeim tíma. Það verður töluvert tekjufall hjá okkur vegna þessa en við erum bjartsýn og teljum að þetta sé bara eitthvað sem gerist og ekkert við því að gera, og ítölsku vinir okkar komi til með að koma til okkar eins og undanfarin ár seinni hluta febrúar og í mars. Svo koma fréttir um útbreiðslu til Evrópu og víðar, þá hugsum við: „ja þetta er ekki gott, en ekkert annað að gera en að klára veturinn og passa okkur og svo verður sumarið gott“ þá yrði þetta yfiringið héldum við, en það var ekki svo. Sá hópur sem hefur mest komið til okkar í lok febrúar og út mars eru Ítalir og ljósmyndahópar frá Ítalíu, en eins og allir vita þá var Ítalía sú Evrópuþjóð sem lenti verst í Covidinu í vetur/vor svo miklar afbókanir voru hjá okkur í lok febrúar og mars. Um miðjan mars sendir starfandi þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs frá sér hvatningu um að öllum íshellaferðum verði hætt frá og með mánudeginum 16. mars svo við Anna María settumst niður til að veða og meta aðstæðurnar og stöðu fyrirtækisins og hvort við ættum að stöðva íshellaferðirnar það sem eftir væri þennan veturinn, útlitið var ekki hjart, mest allar tekjur farnar frá seinnihuta janúar, en við komumst að þeirri niðurstöðu að það sé samfélagslega ábyrgt að hætta ferðum og loka tímabundið fyrir ferðir, þá töldum við líka að þetta yrði afstaðið með sumrinu og okkar aðal tekjutímabil myndi koma okkur áfram sem er sumarið og farþegaskipaferðir okkar frá Djúpavogi og Lónsöræfaferðirnar okkar sem við höfum verið í síðan við stofnuðum fyrirtækið árið



Sigg og Anna María í Húsafelli

2015. Til að gera langa sögu stutta þá varð ekkert úr neinum farþegaskipakomum sumarið 2020 og tekjufall því tengdu hafði áhrif á okkur og marga aðila hér innan okkar sveitarfélags, við höfum ráðið bæði fyrirtæki og einstaklinga til að fara í þessar ferðir með okkur frá upphafi og þær verið helstu tekjur okkar og annarra á sumrin síðustu ár, ég tala nú ekki um það mikla tekjufall sem varð hjá Djúpavogshöfn og ferðabjónustuaðilum á Djúpavogi líka. Olga á Brekku hefur séð okkur fyrir salernisaðstöðu fyrir okkar gesti í þessum ferðum og það er vel og ekki sjálfgefið. Við viljum þakka Sigurði í Stafafelli og Olgu á Brekku fyrir góð samskipti og samvinnu vegna þessara ferða.

Góðar breytingar

Það voru líka jákvæðar breytingar á árinu því ferðir okkar og trúss með göngufólk sem ætlaði að ganga um Lónsöræfi jukust, hvort sem var með fólk til og frá Illakambi við Kollumúla eða upp á og frá Eyjabökkum. Þetta voru Íslendingar að nánast öllu leyti með örfáum undantekningum og það er vel. Þessar ferðir krefjast mikillar vinnu og fara illa með farartæki, en jú þetta er þjónusta og hún krefst þess að það þarf að vakta Skyndidalsá, þegar blautasti tími sumarsins var þá var ég að fara í allt að fimm daga til að vakta Skyndidalsá morgna og seinnipart, nánast alla daga sem farið var með fólk inneftir eða fólk sótt fór ég um 5 leytið til að sjá stöðuna á ánni því þá gat ég sagt gestunum

okkar hvernig staðan var, því eins og þeir sem ferðast um þetta svæði þekkja þá breytist áin á nokkurra klukkutíma fresti ef miklir vatnavextir eru, og vöðin færast um tugi metra jafnvel hverfa svo finna verður nýtt vað til að fara yfir. Það er okkar áhersla að það má ekkert koma upp á í þessum ferðum, því líf og heilsa eru að veði og ef eitt slys verður þá er það ekki aftur tekið sama hvernig á það er litið. Undanfarin ár þá hefur Skyndidalsá ekki verið ófær þegar við höfum verið á ferðini, það er meiri lukka en eitthvað annað, en í sumar kom það fyrir í þriggja gang að við þurftum að sækja eða skila af okkur við göngubrú við Hellisskóga/Eskifell, við tókum þó á það ráð í eitt skipti að skilja eftir bíl innan við á til að ferja fólk frá göngubrú og inn á Illakamb vegna þess að við treystum því ekki að það yrði fært yfir að morgni trúss dags, en það var svo fært.

Við höfum átt gott samstarf við Ferðafélag Austur-Skaftafellssýslu um þessar ferðir sem og Ferðafélag Íslands ásamt fleirum og við viljum þakka fyrir það samstarf undanfarin ár. Við erum þegar farin að undirbúa næsta sumar og erum í reglulegum samskiptum og undirbúningi vegna þeirra ferða. Við fengum styrk á árinu 2020 frá SASS í gegnum



Að leið með hóp inn á Lónsöræfi

Sóknarfæri í ferðapjónustu vegna þessara ferða og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir var okkur mikil hjálparhella í þeirri umsókn og úthlutun og þökkum við fyrir það.

Að þjónusta kvikmyndaiðnaðinn

Frá því við stofnuðum fyrirtækið okkar höfum við verið að vinna öðru hvoru í framleiðslu verkefnum í kvikmyndagerð, auglýsingagerð, tónlistarmynböndum og annarri framleiðslu fyrir sjónvarp og það hefur verið gaman að vinna í því, vil ég nefna þá sem við höfum unnið mest með. Búa og Þóru í Hero production, Þóri Kjartanssyni í True North, Jean Michel og Kiljan hjá Comrade films, Sindra Páli hjá Reykjavík studios og fleirum. Mikil vinna og mikið lagt á sig til að verkefni gangi upp, þar höfum við haft það að leiðarljósi að dreifa verkefnum og samvinnunni á aðila heima í héraði sem við höfum verið í samvinnu við í gegnum árin, og segjum stolt frá því að við höfum skapað tekjur fyrir mörg fyrirtæki hér í þessum iðnaði, við höfum sem betur fer reynt að gera okkar hlutverk vel og því fengið það hlutverk að útvega bíla, mannskap og aðrar þarfir sem við treystum í þessi verkefni og höfum haft góða samstarfsaðila hér heima í þessu, þakki til ykkar allra.

Hvað er framundan ?

Það sem af er hausti höfum við farið í nokkrar íshellaferðir, í október fórum við með 44 gesti í íshelli í Breiðamerkurjökli, í nóvember fórum við með 12 gesti í íshelli í Breiðamerkurjökli, við höfum ekki farið með neinn gest það sem af er desember, en erum þó með bókanir fyrir 6 manns og eitt verkefni í tónlist. Við gerum ekki ráð fyrir að veturinn verði annasamur, íshellatímabili líkur í síðasta lagi um miðjan apríl teljum við, og jafnvel fyrr. Það eru komnar fleiri bókanir í skipasumarið okkar en áður, en við sjáum ekki hvernig það kemur til með að klárast.

Mikið tekjufall

Tekjur okkar árið 2020 verða um 20% af tekjum ársins 2019 eins og ber að skilja þá er það allmikill skellur fyrir fyrirtæki og eru flestir ferðapjónustu aðilar sveitarfélagsins í svipaðri stöðu, einn kollegi okkar segir tekjusamdrátt síns fyrirtækis vera 95% á árinu miðað við 2019. Ég dáist að baráttuanda þessa duglega fólks sem stendur að baki þessum fyrirtækjum. ÁFRAM VIÐ!

Til að draga úr kostnaði höfum við skorið allt niður, við höfum tekið bílana okkar af skrá og tryggingum tímabundið til að minnka kostnað, en sett á skrá aftur ef



Með ferðamenn við Breiðárlón í sólsetrinu

verkefni eru framundan, við höfum fengið frýstingu lána og framlengingu á því, við höfum getað nýtt okkur hlutabótaleið stjórnvalda í launakostnaði til að þurfa ekki að loka fyrirtækinu, þannig getum við tekið verkefni sem bjóðast, við höfum boðið upp á loftmyndatöku með dróna til að auka tekjur, og það kom á óvart hversu vel það gekk og margir vildu þá þjónustu, sem er frábært, þakki til allra sem leituðu til okkar.

Við fórum í samstarf við sveitarfélagið með tilboð til starfsfólks vegna árshátíðar sveitarfélagsins sem var aflýst en í staðinn þá ákvað sveitarfélagið að gefa starfsfólki sínu gjafabréf til að nýta í ferðapjónustu á svæðinu sem styrk og viðspyrna vegna covid ástandsins, það var mjög vel gert af sveitarfélaginu, við þökkum fyrir þessa framsýni og stuðning. Við höfum tekið á móti einhverjum gjafabréfum og sjáum fram á að geta farið með þá gesti í íshella á nýju ári, við hlakkar til þess. Við Anna María ákváðum að gera tilboð til íbúa sveitarfélagsins og höfum við fengið nokkrar pantanir í gengum það tilboð sem er frábært og við viljum þakka sveitungum okkar fyrir góðar viðtökur og hlökkum til að fara með ykkur í íshellaferð.

Ríki Vatnajökuls

Ég tók að sér stjórnarstörf í Ríki Vatnajökuls á aðalfundi í vor að ýtinni og þá meinum við mjög ýtinni tillögu Dúdda í Hoffelli. Það er krefjandi starf en á sama tíma gefandi að vera í stjórn þar sem mikill niðurskurður er, en með samhentum átaki stjórnar og hluthafa þá hefur tekist að halda starfsemi áfram. Það verður að halda áfram því þar er stórt markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðapjónustuna hér heima. Ég er afar stoltur af meðstjórnendum mínum á þessu erfiða ári og með þessar erfiðu ákvarðanir til að

halda lífi í félaginu en með samhentum átaki að koma Ríkinu vel út úr þessu ári. Takk meðstjórnendum mínum fyrir vel unnin en erfið störf og sárar ákvarðanir. Olga Ingólfssdóttir takk fyrir allt.

Þakki

Hvað þarf til að komast út úr svona ástandi ? Jú það eru góðir vinir, samstarfsaðilar og íbúar, og þar langar okkur að koma þökkum að.

Reynir Arnarson, takk fyrir að standa með okkur, koma þegar þörf er á, sama hvaða tími sólarhringsins er. Siggí Gunnar, okkar Icefix maður takk fyrir að koma þegar við höfum klúðrað málunum og bílar bíla 24/7. Brandó fyrir að gera allt fyrir okkur, hleypa okkur í gryfju, þvottaaðstöðu eða bara hlýja aðstöðu þegar þarf. Boggi og Helga, Ingólfur og Kristín, Eiður og Bergþóra takk fyrir að standa með okkur þegar vonleysið kemur yfir. Starfsfólk Landsbankans á Hornafirði takk fyrir að leiðbeina okkur og standa með okkur. Kiddi, Katý og Axel, veggurinn að baki okkar.

Við viljum segja við alla okkar kollega í ferðapjónustu, standið sperrt við komumst í gegnum þetta, það hyllir undir lok, en við öll megum ekki gleyma því að baráttan er enn í gangi. Kæru vinir og félagar, íbúar sveitarfélagsins gætum okkar áfram, þöllum sóttvarnir, þreyjum þorrann og komum eins heil út úr þessu og við getum, árið 2021 verður frábært.

Við óskum ykkur öllum íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar gleðilegra jóla og frábærs árs 2021 og segjum farvell 2020.

Sendum sóknarbörnum og lesendum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
Þökkum samveru og stuðning
á liðnum árum



Sóknarnefnd Hafnarsóknar og starfsfólk

Kæru vinir gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum liðnar stundir.

Jólaþveðja
Geir, Björk og fjölskylda.



Íslenska gámafélagið óskar öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári
með þökk fyrir viðskiptin
á liðnum árum.

Kveðja
Starfsfólk IGF á Hornafirði

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ




Miðflokkurinn sendir landsmönnum
öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og
farsæld á nýju ári

midflokkurinn.is

Bestu óskir um fögnuð og frið á jólahátíðinni
og farsæld á komandi ári.

Björn Jón og Anna Lilja



Kæru ættingjar og vinir!
Bestu jóla- og nýárskveðjur.
Þökkum liðnu árin
Sigga og Gummi.



Sendum vinum og vandamönnum
innilegar jólakveðjur
með þökk fyrir liðin ár.
Droplaug og Arnór



Sendum vinum og vandamönnum
innilegar jólakveðjur
með þökk fyrir liðin ár.
Ása og Birgir



Sendum vinum og vandamönnum
innilegar jólakveðjur
með þökk fyrir liðin ár.
Arnar og Guðný
Smárabraut 11

Kæru ættingjar og vinir. Við sendum ykkur
hugheilar jóla og nýársóskir með þökkum fyrir liðnar
samverustundir, hittumst heil á nýju ári.
Pálína og Sævar Kristinn, Miðskeri.



ÍSÍ

Verum hraust,
heilsunnar vegna!

#verumhraust

@isiiceland

Guðný Árnadóttir fótþoltakona

Guðný er ein fremsta fótþoltakona landsins og skrifaði nýverið undir samning við kvennalið AC Milan og verður í láni til Napolí út þetta tímabil. Eystrahorn heyrði í henni til að fá örlitla innsýn í lífið og fótþoltaferilinn og upphafið á Höfn.

Getur þú sagt aðeins frá sjálfri þér ?

Ég heiti Guðný Árnadóttir og er tvitug fótþoltastelpa frá Hornafirði. Ég er fædd og uppalin á Hornafirði til 13 ára aldurs og flutti þá ásamt fjölskyldunni í tæp tvö ár til Víkur í Mýrdal áður en við komum okkur svo fyrir í Hafnarfirði. Foreldrar mínir eru Árni Rúnar Þorvaldsson, Hafnfirðingur og eitt sinn varnarmaður í liði Sindra og Ragnhildur Einarsdóttir frjálssíþrotta- og blakkona frá Hornafirði. Systkini mín eru Einar Karl Árnason núverandi leikmaður meistaraflokks Sindra og Sólberg Árnadóttir, 8 ára mikill FH-ingur enda lítið búið á Hornafirði.

Hvernig var æskan á Höfn og hvernig þú byrjaðir í fótþoltanum ?

Í byrjun vildi ég nú alls ekki fara á fótþoltaæfingu en mamma gerði samning við mig um að ég þyrfti að mæta á 20 æfingar og þá fengi ég playmo húsi, við bjuggum til skriflegan samning og allt sem var hengdur á ísskápinn þannig að ég gat merkt við eftir hverja æfingu. Mjög fljótlega var ég alveg hætt að spá í samninginn af því að mér fannst svo svakalega gaman á æfingum og var í fótþolta í flestum frímínútum í skólanum og missti helst ekki úr æfingu.

Það að alast upp í svona litlu bæjarfélagi hefur marga kosti og ég á ekkert nema góðar minningar frá Hornafirði. Einn af kostunum var að ég gat æft margar íþróttir meðfram fótþoltanum eins og fimleika, blak og frjálssár íþróttir en fótþoltinn var alltaf númer eitt hjá mér.

Varstu alltaf ákveðin að stefna á atvinnumennsku í fótþolta ?

Ég get nú ekki sagt það þar sem ég vissi kannski ekki af þeim möguleika fyrr en um 13-14 ára aldur. En þegar ég byrjaði að fá tækifæri með yngri landsliðunum þá vaknaði þessi draumur um að fara í atvinnumennsku og minar helstu fyrirmyndir í boltanum þá voru í atvinnumennsku. Ég hins vegar hef alltaf verið með mikið keppnisskap og langað til að bæta mig og með hverjum áfanganum sem ég nær þá langar mig lengra og nú er ég komin hingað til Napolí og fer svo til Milanó næsta haust.

Hvernig er að keppa fyrir hönd þjóðarinnar með landsliðinu ?

Það er alltaf mikill heiður að fá að spila fyrir Ísland og á ég margar góðar minningar frá því. Það sem stendur helst upp úr eru fyrstu landsleikirnir. Bæði fyrsti leikur fyrir yngri landsliðin og svo fyrsti leikurinn með A-landsliðinu. Ég spilaði minn fyrsta

landsleik fyrir U17 ára landsliðið á lokakeppni EM U17 sumarið 2015 á móti mjög sterku liði Þýskalands. Sá leikur var spilaður í Grindavík fyrir framan fulla stúku af Íslendingum. Svo var líka mjög góð tilfinning að spila fyrsta A landsleikinn. Það var æfingaleikur við Noreg á Pinatar árið 2018. En minn eftirminnilegasti landsleikur var á síðasta ári þegar ég spilaði við Frakkland og fékk að spreyta mig á móti bestu fótþoltakonum heims. Ég hef spilað 40 landsleiki með yngri landsliðum U17 og U19 og 8 leiki fyrir A landsliðið.

Geturðu sagt aðeins frá árangri þínum með íslenskum félagsliðum ?

Þetta byrjaði allt fyrir austan með Sindra þegar við unnum Íslandsmeistótið í 7 manna bolta í 4. flokki árið 2012. Við unnum úrslitakeppnina örugglega og hún var haldin á Höfn. Fyrir tímabilið 2014 kom ég svo til FH og það sumar urðum við Íslandsmeistarar og unnum alla okkar leiki. Úrslitaleikurinn var sérlega eftirminnilegur því ég skoraði fyrri mark FH í leiknum. Næstu tvö unnum við bikarkeppnina í 3. flokki FH. Árið 2015 var einnig mitt fyrsta tímabil í meistaraflokki FH og komumst við uppúr 1.deildinni í Pepsi deildina. Árin þar á eftir 2016, 2017 og 2018 spilaði ég með FH í efstu deild. Okkur tókst að ná besta árangri FH í 10 liða efstu deild árið 2017 þegar við höfnum í 6. sæti og slógum stígamet liðsins. Tímabilið 2018 gekk ekki nógu vel og það endaði með því að við féllum í 1. deildina. Þá fannst mér vera kominn tímunktur á að prófa eitthvað nýtt. Valur sýndi mér áhuga og fannst mér klúbburinn mjög flottur og leikmannahópurinn góður svo ég ákvað fljótlega að ganga til liðs við þær. Fyrsta tímabilið mitt á Hlíðarenda var frábært og urðum við Íslandsmeistarar. Svo núna síðast tímabilið 2020 þá enduðum við í 2.sæti eftir að mótið var flautað af vegna Kórónuveirufaraldursins.

Hvernig kom það til að AC Milan hafði áhuga á að fá þig í sínar raðir ?

Ég var ákveðin að reyna fyrir mér í atvinnumennsku eftir sumarið hér heima og náði sambandi við umboðsmann sem hefur verið með erlenda leikmenn á Íslandi og einnig einhverja íslenska leikmenn erlendis. Hann hafði samband við mig og fann strax áhuga hjá nokkrum liðum. En um leið og það var möguleiki að skrifa undir hjá AC Milan þá fannst mér það aldrei vera nokkur spurning. Það sem mér finnst aðlaðandi við AC Milan er að þar eru sömu eigendur að karla- og kvennaliðinu og það er mjög ánægjulegt að stórlíðin í Evrópu virðast vera að vakna til lífsins með kvennaboltann. Hjá AC Milan er verið að byggja upp til framtíðar og maður sér að það er mikill metnaður í starfinu þar. Þar er verið að byggja upp lið sem ætla sér að komast í Meistaradeildina og vera meðal þeirra bestu í heimi. Það er bara ánægjulegt að svona stórt félag hafi áhuga á að fá mig til liðs



Guðný lék sinn fyrsta leik með Napolí nú í desember við sig.

Hvaða tilfinningu hefurðu gagnvart því að spila á Ítalíu ?

Ég held að það sé gott fyrir mig að koma til Ítalíu á þessum tímavarki, spreyta mig á stærra sviði og ég hef góða tilfinningu fyrir því. Það er áskorun en mjög spennandi að aðlaga mig að breyttu umhverfi og læra nýtt tungumál. Ég skrifaði undir tveggja og hálfis árs samning við AC Milan og inni samningnum var að ég færi á lán til Napolí út þetta tímabil sem nær fram í maí á næsta ári. Ég kom hingað til Napolí í nóvember og hef verið að aðlagast liðinu og umhverfi þess. Það er mikilvægt að læra ítölsku og er ég þegar byrjuð á námskeiði og komin með orðalista yfir orð úr boltanum. Fyrstu dagar mínir hér hafa heldur betur verið viðburðarríkir, líðið er í neðsta sæti í Serie A og hefur átt erfitt uppráttar. Ég spilaði minn fyrsta leik núna í desember sem við töpuðum og daginn eftir var hjálfaþinn rekinn. Stelpurnar hérna eru mjög tæknilega sterkar og snöggar og því verður þetta góð reynsla fyrir mig og klárlega tækifæri til að bæta mig.

Eitthvað að lokum

Ég vil hvetja alla krakka á Hornafirði til þess að elta drauma sína í íþróttum en til þess að ná langt þarftu að mæta vel á æfingar, hlusta á hjálfaþinn og æfa sig svo aukalega því það skilar sér. Áfram Sindri !



Guðný var valin besti leikmaður FH árið 2017



Sigurveggarar Íslandsmeistarans í 7 manna bolta 2012. Guðný er neðst tv.



*Sendum íbúum,
starfsfólki og landsmönnum
öllum okkar bestu óskir um
gleðileg jól*

og farsælt komandi ár

*fyrir hönd bæjarstjórnar
Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri*

Hinn nýi veruleiki

Er manneskjan útsjónarsöm? Já hún hefur svo sannarlega sýnt það á undanförunum mánuðum. En manneskjan er einnig félagsvera, hún þráir að vera í samskiptum við aðra, þráir að deila hugsunum sínum, vonum og þrám. Bestu stundir lífs okkar eru þegar við eigum í samskiptum við aðra, en hvað nú?

Þessi nýi veruleiki sem við höfum öll verið að læra inn á hefur kennt okkur að nýta útsjónarsemi okkar og prófa nýjar leiðir. Nýjar leiðir til að taka þátt í samfélaginu okkar og eiga í samskiptum við hvort annað. Orðin streymi, Zoom og Teams eru okkur nú jafnkunnug og símtöl og tölvupóstur.

Vegna tækninnar getum við horft framan í ættingja með myndsímtölum og getum sinnt jólagjafainnkaupum í gegnum netið í öruggu skjóli heimilisins. Við mætum á fundi á Teams og tökum þátt í allskyns samkomum gegnum streymi. Svo höfum við fengið að kveðja ættingja og vini í útförum þó við séum heima í stofu. Manneskjan er útsjónarsöm. Eins og flestir eflaust vita þá hefur messuhald legið niðri stóran hluta ársins og því kynntust fermingarbörnin í ár þegar öllum messum og fermingum var frestað um páskana. Þegar ljóst var að ekki væri hægt að bjóða fólki í kirkjuna fóru prestar landsins að

huga að því hvernig væri hægt að bera kærleiksboðskap, og ekki síst vonarboðskap Jesú Krists örugglega á borð landsmanna.

Rétt eins og margar kirkjur höfum við prestarnir hér tekið uppá því að taka upp helgistundir og streyma þeim á Internetinu. Í haust tókum við þá ákvörðun að taka upp a.m.k. eina stund í hverri kirkju í prestakallinu. Við létum ekki þar við sitja og síðasta sunnudag var sett á Internetið aðventustund prestakallsins þar sem við prestarnir fórum víða í prestakallinu milli frábærra tónlistaratriða.

Næst á dagskrá er auðvitað jólahátíðin og nú er það ljóst að ekki verður hægt að halda uppi hefðbundnu jólahelgihaldi. Akveðið var að taka upp aftansöng í Hafnarkirkju án gest og verður þeirri athöfn streymt á aðfangadagskvöld kl. 18:00 þar sem við prestarnir, organisti og samkórinn munum syngja inn jóln. Á gamlárskvöld verður streymt frá helgistund kl. 17:00.

Við hvetjum því alla til að stilla inn á Facebook eða YouTube og fylgjast með.

Hægt er að finna okkur á Facebook undir Bjarnanesprestakall og Hafnarkirkja á Youtube.

Milli mjalta og messu

Hvað hefur á daga mína drifið og

hvað hefur á daga ykkar drifið síðustu mánuði? Öll erum við að sinna hinum daglegu störfum en þó er hugsanlegt að einhverjir séu farnir að finna fyrir þreytu. Myrkrið dvelur lengur núna á þessum árstíma og á myrkrið það til að setjast einnig á sálina. Við höfum staðið okkar plikt í þessu „Covi“ og það hefur tekið á – andlega og líkamlega. Covid þreytan sem stundum hefur verið minnst getur verið farin að láta á sér kræla. Vegna þess þurfum við öll að vera dugleg að huga að okkar andlegu heilsu jafnt þeirri líkamlegu. Einnig þurfum við að vera dugleg að horfa til þeirra sem standa okkur næst. Ef við sjáum að öðrum líður ekki vel þá skulum við gefa okkur á tal við viðkomandi. Það má líka hafa samband við okkur prestana ef þið sjálf vitið af einhverjum sem þætti gott að eiga við okkur samtal því við erum alltaf til staðar ef á þarf að halda. Við erum ekki geymd inn í skáp milli messa eins og litla stelpan hélt fram hér um árið.

Það er hægt að hafa samband við okkur í gegnum tölvupóst eða í sameiginlegt símanúmer prestanna sem er 894 8881.

Nú má svo sannarlega segja að það er aldrei mikilvægara en akkúrat núna að huga vel að okkur og okkar fólki. Nú þegar hyllir undir lok „Covsins“ þá megum við ekki missa móðinn,



verða kærulaus. Verum dugleg að virða allar reglur, höldum fjarlægð og berum grimur. Gerum þetta til að eiga gleðileg jól og farsælt nýtt ár. Fyrst við komumst í gegnum síðustu mánuði þá komumst við einnig í gegnum næstu vikur. Höldum í vonina og boðum kærleiksboðskapinn því það er það sterkasta sem við höfum. Ég óska ykkur gleðilegra jóla og megið þið hafa það gott yfir hátíðarnar.

Sr. Gunnar Stígur Reynisson
Sóknarprestur

894 8881

bjarnanesprestakall@
bjarnanesprestakall.is

*Kæru Austur Skaftfellingar
og nærsveitingar.*

Sendum hugheilar

*jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin
og ánægjulegt samstarf á*

árinu.

Geir og Björk



Þingvað ehf
byggingaverktakar



**MÁLNINGARÞJÓNUSTA
HORNA**

*Óskum öllum Austur-Skaftfellingum
gleðilegra jóla og nýárs.
Þökkjum viðskipting á árinu
sem er að líða.*



*Golfklúbbur Hornafjarðar
sendir öllum kylfingum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur*



JÓLIN ERU KOMIN Í NETTÓ!

-30%

Hamborgarhryggur
Úrbeinaður

1.399 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

KJÖTSEL

-20%

Nautalundir
Danish Crown

3.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG

-20%

Hangiframpartur
Úrbeinaður

1.999 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG

KJÖTSEL

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

-20%

Okkar Laufabrauð
8 stk.

1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.499 KR/PK

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

-14%

Fiskisúpa
Hafið - 1 lítri

1.599 KR/PK
ÁÐUR: 1.859 KR/PK

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

**NÚ GETA ALLIR VERIÐ
STJÖRNUKOKKAR!**

-40%

Wellington nautalund

5.399 KR/KG
ÁÐUR: 8.999 KR/KG

-19%

Nautamínútusteik
Marineruð - Sous vide

2.996 KR/KG
ÁÐUR: 3.699 KR/KG

KJÖTBANKINN

-25%

Möndlur
Himnesk hollusta - 200 gr

593 KR/PK
ÁÐUR: 790 KR/PK

Heilsuvara
vikunnar!

HIMNESK
HOLLUSTA

MÖNDLUR

-20%

Grafinn lax í sneiðum
Fisherman - 300 gr

1.599 KR/PK
ÁÐUR: 1.999 KR/PK

-50%

Bökunarkartöflur

135 KR/KG
ÁÐUR: 269 KR/KG

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólasteikina á netto.is

Tilboðin gilda 17.-20. desember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Umhverfisvænni hátíð

Hefðbundið jólahald getur seint talist umhverfisvænt. Það eru þó ýmislegt sem við getum gert til þess að lágmarka umhverfisáhrif hátíðahaldanna.

Hér koma nokkrir punktar sem gott er að hafa í huga!

- Gefðu heimatilbúna gjöf.
- Gefðu upplifun.
- Gefðu áskrift
- Gefðu bágstöddum.



Innpökkun

- Notum einfaldan maskínupappír sem auðveldara er að endurvinna
- Endurnýtum dagblöð, tímarit eða plaköt sem gjafapappír og útkoman getur orðið mjög frumlegur jólapakkli.
- Göngum vel frá pappírnum sem gjafirnar okkar voru í og notum aftur að ári.

Allur gjafapappír má fara í endurvinnslu tunnuna en gjafa borðar og límbönd henta ekki til endurvinnslu.

Hátíðar matur

- Temjum okkur vistvænar matarhefðir og reynum að halda matarsóun í lágmarki.

Hvernig jólatré?

- Á Íslandi gildir að ef við ætlum að kaupa tré þá ætti það að vera ræktað á Íslandi og best er ef það hefur verið ræktað nálægt okkur. Kosturinn við íslenskt ræktað tré er oft sá að skógræktarfélagin þurfa að grísa skógana á hverju ári svo við getum verið að kaupa tré sem hvort sem er þarf að fella.
- Hægt er að kaupa erlend sigræn tré en ókosturinn við þau er að í einhverjum tilfellum eru þau ræktað á stórum ökrum og notað til þess töluvert af eitri og efnum til að auka vöxt þeirra. Þessi tré þarf líka að flytja um langan veg til Íslands sem kostar eldsneyti og veldur losun gróðurhúsalofttegunda.
- Margnota tré getur verið betri kostur séu þau notuð í tugi ára, þá eru umhverfisáhrifin frá framleiðslu þeirra orðin minni en losunin frá ræktun og förgun lifandi trjáa. Hér þarf að athuga að flest plasttrén eru framleidd í Asíu og unnin, eins og annað plast, úr olíu, framleiðslan er orkufrek og flytja þarf trén um langan veg til Íslands. Þegar trjánum er hent verða þau að plastúrgangi sem misgott getur verið að endurvinna, ef tréð er í fyrsta lagi flokkað til endurvinnslu.

Áramót og flugeldar

- Áramót á Íslandi er líklega ein mest einnota hátíð landsins. Hattarnir, skrautið, innisprenghjurnar og aðallega skoteldarnir gleðja okkur í stutta stund en því miður geta umhverfisáhrifin verið langvarandi.
- Efnasamböndin sem er að finna í skoteldum hafa mismunandi tilgang, sum eru eldsneyti eða bindiefni og svo eru það litarefni sem gefa okkur fallega sýningu. Sum þeirra efna sem notuð eru flokkast sem þrávirk efni. Þessi efni brotna hægt niður í náttúrunni sem leiðir af sér að þau hafa mikinn hreyfanleika í umhverfinu en safnast svo helst saman í dýrunum sem eru ofarlega í fæðukeðjunni.
- Veljum vel þá flugelda ef við ákveðum að kaupa slíkt. Það er vel hægt að styrkja t.d. björgunarsveitirnar án þess að kaupa flugelda.
- Kaupum skraut sem við getum notað ár frá ári, minna af einnota hlutum þýðir minna rusl

Að lokum vill umhverfisfulltrúi benda íbúum á þeir bera ábyrgð á að koma jólatrjáum og áramóta rusli, þegar að því kemur, á viðurkennda staði. Ekki skilja það eftir við lóðarmörk. Klippikort 2021 í gámaport á Höfn verða aðgengileg strax á nýju ári í ráðhúsi sveitarfélagsins. Gleðilega hátíð!

Anna Ragnarsdóttir Pedersen
umhverfisfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Kæru ættingjar og vinir
Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt
komandi ár. Með þökk fyrir árið sem er að líða.

Jólaþveðja

Eygló og Ásgeir



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyting á aðalskipulagi – Borgarhöfn 2-3

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 10. desember 2020 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerð deiliskipulags skv. 40. gr. skipulagslaga.

Breytingin felur í sér að afmarkað verður svæði fyrir frístundabyggð og afþreyingar- og ferðamannasvæði í landi Neðribæjar, Borgarhöfn í Suðursveit. Á svæðinu verður reist þjónustuhús með þjónusturými, snyrtingum, veitingasal og starfsmannaaðstöðu. á svæði fyrir frístundabyggð er gert fyrir fjórum frístundahúsum. Skipulagslýsinguna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu. Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu skv. skipulagslögum.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til **4. janúar 2021** og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri



Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ simi: 848-3933



Sendi ættingjum og vinum
hugheilar jóla og nýárskveðjur
með þökk fyrir liðin ár.



Sigrún Sæmundsdóttir

Sendi mínar bestu jóla- og nýárskveðjur til
vina og vandamanna
Þakka liðin ár.



Gunnar Ásgeirsson

Hugheilar jólakveðjur til fjölskyldu okkar og
vina. Með ósk um farsælt og gleðilegt komandi ár.

Stefán Sturlaugsson, Elísabet Erlendsdóttir
og strákarnir



Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu
óskar Hornfirðingum
gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári



*Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu óskar
starfsfólki, nemendum og öllum Hornfirðingum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári*



Vatnajökulsþjóðgarður



Merking Helsingja á Breiðamerkursandi

Margt hefur drifið á dagana á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í sumar en sökum þess hve fáir hafa verið á ferðinni hafa landverðir haft tíma til að sinna ýmsum verkefnum sem setið hafa á hakanum. Suðursvæðið gat ráðið jafn margt starfsfólk í sumar og til stóð þrátt fyrir yfirstandandi heimsfaraldur vegna aukaframlags frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Það var einkar ánægjulegt og sá mannskapur nýttist vel til uppbyggingar og viðhalds enda hefur annriki síðustu ára verið slíkt að ekki hefur gefist mikið ráðrúm til slíkra verka.

Skaftafell

Stærstu verkefni sumarsins í Skaftafelli fólust í að hefta útbreiðslu alaskalúpínu á aurunum framan Skaftafellsjökuls og á Skaftafellsheiði við Skerhól. Verkefnið er langtímaverkefni og miðar að því að slá og reyta lúpínu á sama svæði ár hvert. Í Skaftafelli er göngustígakerfi sem nemur hátt í 100 kílómetrum, en í sumar var ráðist í umfangsmikið viðhald á því. Byggt var um 40 metra löng göngubrú í Vesturheiði og fjöldi dreina voru lagfærð og bætt. Landverðir stóðu fyrir lifandi fræðslu í Skaftafelli en í sumar voru þrjár fræðslugöngur á dag og barnastundir um helgar. Mikil aðsókn var í fræðslugöngurnar bæði frá íslenskum og erlendum gestum.

Breiðamerkursandur

Á Jökulsárlóni var lagt nýtt bílastæði í Eystri-Fellsföru en það er hluti af framtíðarskipulagi svæðisins. Í sumar var í fyrsta sinn skipulögð fræðsluganga á Jökulsárlóni sem bar heitið Bláa gullið en gangan fjallaði um vatn í mismunandi formi og loftslagsbreytingar. Eins var unnið að gerð göngustiga, þ.á.m. nýrrar gestagötu á vesturbakka Jökulsárlóns. Landverðir suðursvæðis tóku einnig þátt í árlegri Helsingjamerkingu á Breiðamerkursandi í samstarfi við Náttúrustofu Suðausturlands þar sem þrjú fuglar voru að auki gps merktir.

Höfn

Á Höfn voru haldnar barnastundir í Gömlubúð alla fimmtudaga í júlí og var það í fyrsta sinn sem boðið var upp á slíkt. Í hverri viku var nýtt þema þar sem áhersla var t.d. lögð á fugla, jökla eða blóm og heppnaðist vel til. Fræðslugöngur við Heinabergsjökul hófust að nýju eftir nokkurra ára hlé en tilefnið var nýr fræðslugöngur við Heinabergslón. Gott samstarf er á milli Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Gömlubúðar en börn sem tóku þátt í listasmiðju í sumar settu upp sýningu í Gömlubúð og landverðir



Göngustígum viðhaldið

tóku þátt í dagskrá á vegum miðstöðvarinnar. Framundan eru stór verkefni í Þjóðgarðinum, komnar eru undirstöður fyrir nýtt fræðslutorg við Skaftafellsstofu og framkvæmdir á nýju fráveitukerfi í Skaftafelli eru hafnar. Við hvetjum íbúa sveitafélagsins til að heimsækja Vatnajökulsþjóðgarð og njóta náttúrunnar. Starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði óskar íbúum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farseldar á komandi ári.

Fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs
Landverðir

Hestamannafélagið Hornfirðingur
sendir öllum Hornfirðingum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur

Óskum vinum og frændfólki
gleðilegra jóla og nýárs.
Hátíðarkveðja
Steinunn og Magnús
Kirkjubraut 48



(((HEYRN)))

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Hornfirðingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Heyrumst á nýja árinu.



Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - www.heyrn.is

Óskum öllum
Austur-Skaftfellingum

gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs

Þökkum fyrir ánægjuleg
samskipti á árinu sem er að líða.



Fræðslunetið sámenntun á Suðurlandi
- nám og ráðgjöf í þinni heimabyggð

